

**SKOÐUN** Ísland á að hefja viðræður um sæstreng við Breta sem fyrst, skrifar Jón Steinsson. 13



**MENNING** Sirkus Íslands tókst að safna fyrir sínu fyrsta sirkustjaldi með söfnunarátaki. 30



**SPORT** Gylfi Þór Sigurðsson fær aukna samkeppni hjá Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
4. september 2013
207. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Ákært fyrir fjárkúgun

Tveir menn sem reyndu að kúga fé út úr Nóa Síríusi hafa verið ákærðir. Þeir sendu forstjóranum bréf með bremsuvökvamenguðu Pipp-súkkulaði og kröfðust tíu milljóna. 2

**Milestone-menn segjast saklausir** Sakborningarnir sex í Milestone-máli sérstaks saksóknara lýstu sig saklausa af ákæru í málinu í gær. 2

**Launamunur eykst** Launamunur kynjanna hefur aukist á milli ára hjá sveitarfélögunum á sama tíma og hann hefur minnkað hjá ríkinu. 4

**Deilt um Hagstofufrumvarp** Almennir sjálfstæðismenn eru efins um Hagstofufrumvarp stjórnarflokkanna. 6




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | | NA | 1 |
| Akureyri | 9° | | NA | 2 |
| Egilsstaðir | 9° | | SA | 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | | NA | 2 |
| Reykjavík | 9° | | SA | 2 |

**Hægviðri** Í dag verður hæg breytileg átt um allt land. Yfirleitt bjart með köflum N- og A-til en fremur skýjað og skúrir á stöku stað sunnan- og vestanlands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Kælitæki | Fólk




# Sigurjón krafinn um samtals 65 milljarða

Slitastjórn Landsbankans krefur Sigurjón Þ. Árnason um samtals 65 milljarða króna í þremur skaðabótamálum. Lögmaður Sigurjóns segir hann ekki borgunarmann og að kostnaðurinn við málaferlin sé meiri en mögulegar heimtur úr þeim.

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Landsbankans krefst samanlagt 65 milljarða í skaðabætur frá Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra, í þremur stórum skaðabótamálum sem höfðuð hafa verið gegn stjórnendum bankans. Einu málinu hefur raunar verið vísað frá héraðsdómi en niðurstöðu Hæstaréttar um það atriði er enn beðið.

„Það er verið að djöflast á þessum mönnum en þá gleymist á sama tíma að slitastjórnirnar þurfa að ráða lögfræðinga, sem ráða algjörlega sínu tímakaupi og kostnaðurinn verður að lokum meiri en heimtur,“ segir Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns. Hann segir málaferlin tilgangslaus, enda sé Sigurjón ekki borgunarmaður fyrir upphæðinni.



Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi Slitastjórnar Landsbankans, svarar aðspurður að ekki sé búið að taka saman kostnað vegna málaferlanna. Hins vegar telji menn að stjórnendur bankans hafi valdið honum skaða og nú sé einfaldlega verið að reyna að það fá hann bættan.

- vg / sjá síðu 8

Obama vill stöðugleika:

# Ýjar að lengri veru í Sýrlandi

**SÝRLAND** Barack Obama Bandaríkjaforseti lagði áherslu á það á fundi sínum með þingmönnum í gær að Bandaríkin væru ekki að búa sig undir langvarandi átök gegn Sýrlandi. Hann ítrekaði að aðgerðirnar ættu að vera takmarkaðar og taka stuttan tíma.

Hins vegar gaf hann í skyn að hinar takmörkuðu aðgerðir gætu orðið hluti af langtímaverkefni sem væri til þess fallið að skapa stöðugleika, ekki aðeins í Sýrlandi heldur í nágrannalöndum þess.

Gunnar Bragi Sveinsson segir að nauðsynlegt sé að gögn sem lögð eru fyrir séu trúverðug. „Það vill enginn að það endurtaki sig að menn fari í slíkar æfingar án haldbærra gagna.“

- gb / sjá síðu 10



**PAULREYND** Söngvararnir sem syngja aðalhlutverk óperunnar Carmen hófu upp raust sína þegar ljósmyndari Fréttablaðsins heimsótti æfingu í sal í kjallara Hörpunnar í vikunni. Með titilhlutverkið fara þær Hanna Dóra Sturludóttir og Sesselja Kristjánsdóttir en hermaðurinn Don José verður sunginn af Garðari Thór Cortes og Kolbeini Jóni Ketilssyni. Æfingar eru nú í fullum gangi en frumsýnt verður 19. október. Þaulreyndir söngvarar á borð við Valgerði Guðnadóttur munu stíga á svið ásamt reynsluminni söngvurum sem þreyta frumraun sína á sviði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Maður sem talinn er hafa brotið á telpu var með lista yfir fleiri börn á sér:

# Hafði aðgang að símum foreldra

**DÓMSMÁL** Lögregla hefur haft til rannsóknar hvort maður, sem hefur verið ákærður fyrir að nema unga telpu á brott í Vesturbæ Reykjavíkur og brjóta á henni kynferðislega, hafi notfært sér aðstöðu sína sem starfsmaður farsímaviðgerðarfyrirtækis til að afla sér upplýsinga um telpuna og jafnvel einnig önnur börn.

Fljótlega eftir að hann var handtekinn kom í ljós að hann hafði í fórum sínum lista með nöfnum og heimilisföngum nokkurra barna. Grunur var um að hann hefði komist yfir nöfn barnanna, og hugsanlega einnig upplýsingar um ferðir þeirra, með því að skoða síma sem foreldrar þeirra höfðu komið með í viðgerð þangað sem hann starfaði.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem maðurinn starfaði hjá vildi ekki veita viðtal vegna þessa í gær.

Maðurinn sætir ákæru fyrir að hafa brotið gróflega gegn tíu ára stúlku eftir að hafa ekið með hana í Heiðmörk. Hann skilaði henni síðan aftur í Vesturbæinn. Maðurinn hefur borið við minnisleysi vegna svefnleysis og vímuefnaneyslu. Aðalmeðferð fer fram í málinu á fimmtudag.

- mlþ, sh










## SPURNING DAGSINS



Eru Þjóðverjar svona víðsýnir?

**„Það er einsýnt að þeir eru þrívíðir.“**
Þjóðverjar hafa verið duglegir að styrkja frumlegt verkefni Írisar Ólafsdóttur, sem hefur hannað búnað á myndavélalinsur til að taka þrívíddarljósmyndir. Mögulegt er að styrkja verkefnið í gegnum karolinafund.com

Ráðherra jafnréttismála gagnrýnir afstöðu lífeyrissjóða til laga um kynjakvóta:

# Ekki sterk rök að erfitt sé að fylgja lögum

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Eygló Harðardóttir, ráðherra jafnréttismála, segir að það séu ekki sterk rök fyrir breytingu laga að erfitt sé að fylgja þeim. Lögin séu sett af gildum ástæðum.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, sagði í Fréttablaðinu í gær að ný lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða kynnu að ganga of langt og væru ekki hönnuð með hagsmuni lífeyrissjóðanna að leiðarljósi. Samtökin ætluðu á næstu dögum að taka málið upp við stjórnvöld, væntanlega með það að markmiði að fá undanþágu frá þeim í ákveðnum tilfellum.

Eygló segir að lífeyrissjóðirnir séu fullfærir um að uppfylla þessi skilyrði laganna. „Ég held að landssamtökin eigi að einbeita sér að því að vinna að því áfram, ásamt því að horfa til annarra þátta þar sem þau geta haft áhrif til að auka jafnrétti í íslensku samfélagi,“ segir Eygló og bætir við að lífeyrissjóðirnir hafi staðið sig ágætlega í því að uppfylla ákvæði laganna um kynjahlutföll í stjórnum. **- hh, bl**

### Ætla ekki að beita sér fyrir breytingum

Ekki stendur til að Landssamtök lífeyrissjóða beiti sér fyrir breytingum á lagaákvæðinu um kynjahlutföll í stjórnum, að því er segir í tilkynningu sem birtist á vef samtakanna í gær. Þar segir að ákvæðið hafi náð markmiði sínu um að jafna kynjahlutföll stjórnarmanna lífeyrissjóða þótt sumir sjóðir hafi ekki náð að uppfylla skilyrðið.



**ÞRÝSTINGUR** Yfir hundrað manns komu saman í gær til þess að mótmæla löggjöf gegn samkynhneigðum í Rússlandi og þrýsta á að G20-ríkin gripu til aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mótmæli fóru fram fyrir utan rússneska sendiráðið í gær:

# Ofsóknir Pútíns verði stöðvaðar

**MANNRÉTTINDI Alþjóðlegu mannréttindasamtökin Allout boðuðu til mótmæla á heimsvísu í gær og því skipulögðu Samtökin ´78 mótmæli á Íslandi fyrir utan rússneska sendiráðið síðdegis í gær. Mótmælin voru haldin til þess að þrýsta á G20-ríkin, sem koma saman í Sankti Pétursborg í vikunni, að krefja Pútín um að afnema löggjöf gegn samkynhneigðum í Rússlandi og stöðva ofsóknir gegn þeim. Meðal þeirra sem tóku þátt voru Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, og eiginkona hennar Jónína Leósdóttir en með þeim var Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.**

**Á fjórða tug landa efndu til sams konar mótmæla í gær, allt frá Tromsø í Noregi til La Paz í Bólivíu.** **-nej**

Brot gegn valdstjórninni:

# Ákærð fyrir að hrækja á löggu

**ÁKÆRA** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur konu sem handtekin var á Laugavegi í júlí. Þetta kom fram á á mbl.is í gær.

Konan er ákærð fyrir brot gegn valdstjórninni, en á hún meðal annars að hafa hrækt á lögreglumanninn sem handtók hana í kjölfarið. Ákæran hefur enn ekki verið birt.

Atvikið náðist á myndband sem vakti mikla athygli. Lögreglumaðurinn sem handtók konuna var fyrir helgi ákærður fyrir líkamsárás og brot í opinberu starfi. **- hrs**

Breytingar á Hofsvallagötu:

# Kostnaður upp á 18 milljónir

**REYKJAVÍK** Framkvæmdir við Hofsvallagötu hafa kostað Reykjavíkurborg tæpar 18 milljónir króna. Kostnaðaráætlun hljómaði upp á 14,5 milljónir en tilboðin sem borgin fékk voru öll yfir þeirri tölu.

Það sem fellur undir þennan kostnað er meðal annars þrjár milljónir sem fór í flögg og fuglahús. Hönnun á verkinu kostaði 680 þúsund. Gróðurkassar kostuðu rúmar tvær milljónir en þeir hafa nú verið skemmdir. Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi borgarinnar, segir það ótrúlegt að þegar borgin geri eitthvað til að fegra umhverfið sé það skemmt. **- hrs**

# Lögregla egndi gildru fyrir súkkulaðikúgara

Tveir menn stungu umslagi inn um lúguna hjá forstjóra Nóa Síríuss með bremsuvökvamenguðu Pipp-súkkulaði og bréflegri kröfu um tíu milljóna greiðslu. Þeir voru handteknir eftir að hafa sótt pakka sem þeir töldu að innihéldi peningana.

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur tveimur mönnum sem er gefið að sök að hafa reynt að kúga fé út úr Nóa Síríusi verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Mennirnir tveir eru 24 og 23 ára. Málið kom upp í ársbyrjun í fyrra og hófst með því, að því er segir í ákærunni, að annar mannanna setti umslag inn um lúguna á heimili Finns Geirssonar, forstjóra Nóa Síríuss, að morgni 30. janúar.

Í umslaginu var bréf sem hinn maðurinn hafði skrifað og tvö súkkulaðistykki framleidd af Nóa Síríusi, eitt Pipp með myntufyllingu og annað með karamellu, sem bremsuvökva hafði verið sprautað í.

„Bréfið innihélt hótun um að ef Nói Síríus hf. greiddi þeim ekki kr. 10.000.000, færu samskonar súkkulaðistykki, sem innihéldu vökva sem gæti reynst banvænn, í umferð í tugatali, auk annarra framleiðsluvara fyrirtækisins sem sprautuð yrðu með sama vökva,“ segir í ákærunni.

Ríkissaksóknari segir í ákærunni að hótunin hafi falið í sér að yrði ekki orðið við kröfum tvímenninganna yrði unnið verulegt tjón á orðspori fyrirtækisins með því að innkalla þyrfti vörur og sala mundi dragast saman.

Mennirnir fylgdu hótununum eftir með símtölum til Finns 31. janúar, 2. febrúar og 7. febrúar. Í síðastnefnda símtalinu gáfu þeir fyrirmæli um afhendingu fjárins. Lögregla handtók þá svo í Hamrahlíð síðar hinn 7. febrúar, eftir að þeir höfðu sótt pakkningu í bíl fyrir utan Hús verlunarinnar, sem þeir töldu að innihéldi milljónirnar tíu í seðlum.



**FORSTJÓRINN FÉKK BRÉF** Finni Geirssyni barst torkennilegt bréf í janúarlok í fyrra. Það innihélt meðal annars tvö súkkulaðistykki sem í hafði verið sprautað bremsuvökva. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Sagði Sigurð Inga hafa átt hugmyndina



**SIGURÐUR INGI ÞÓRÐARSON**

Komið hefur fram að Sigurður Ingi Þórðarson, sem varð þekktur fyrir tengsl sín við Wikileaks, var grunaður um aðild að málinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bar annar hinna ákærðu að Sigurður Ingi hefði átt hugmyndina að öllu saman en ríkissaksóknari taldi ekki nægar sannanir fyrir hendi til að ákæra hann og felldi málið gagnvart honum niður. Það var raunar fyrir hans tilstilli sem málið rataði í fjölmiðla, eftir að hann birti bréfið frá ríkissaksóknara á Twitter-síðu sinni.

Sigurður sat um skeið í gæsluvarðhaldi snemmsumars grunaður um fjársvik. Hann var sagður hafa svikið margar milljónir út úr fyrirtækjum með prókúru bókaforlags upp á vasann.

Annar mannanna hefur hlotið dóm fyrir líkamsárás.

Í yfirlýsingu frá Nóa Síríusi fyrir tveimur vikum var lítið gert úr fjárkúgunartilrauninni og henni lýst sem viðvaningslegri. **- sh**




**MYNTUPIPP** Mennirnir sprautuðu bremsuvökva í tvö Pipp-súkkulaðistykki.




Sakborningar í Milestone-máli sérstaks saksóknara lýstu sig saklausa:

# Sagðist vera „algjörlega saklaus“

**DÓMSMÁL** Sexmenningarnar sem eru ákærðir í milljarða umboðssvikamáli tengdu Milestone lýstu sig saklausa við þingfestingu málsins í gær.

Á meðal hinna ákærðu eru bræðurnir Karl og Steingrímur Wernerssynir, sem áttu meirihluta í Milestone og sátu í stjórn félagsins, Guðmundur Ólason, sem var forstjóri Milestone, og þrír endurskoðendur hjá endurskoðunarskrifstofunni KPMG. Dómari spurði sakborningana um afstöðu sína til ákærunnar og svöruðu allir því til að þeir væru saklausir. Steingrímur sagðist vera „algjörlega saklaus“.

Málið snýst um greiðslur sem runnu út úr Milestone til Ingunnar Wernersdóttur árin 2006 og 2007. Saksóknari telur að Karl, Steingrímur og Guðmundur hafi í sameiningu tekið ákvörðun um að greiða henni 4,8 milljarða á þessu tímabili og losa hana þannig undan eign sinni. Greiðslurnar bárust henni mánaðarlega á löngu tímabili, á grundvelli samkomulags um að hún léti af hendi öll bréf sem hún átti í félaginu. Endurskoðendurnir þrír eru ákærð fyrir að hafa ekki rækt endurskoðendastörf sín fyrir Milestone í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Ákærðu eru talin hafa gerst brotleg við 262. grein almennra hegningarlaga, sem kveður á um að þeir sem gerist sekir um alvarleg brot gegn lögum um bókhald og ársreikninga „til þess að leyna auðgunarbroti sínu eða annarra“ skuli sæti fangelsi allt að sex árum.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í málinu fyrir hádegi 25. september næstkomandi. **- bl**



**VIÐ ÞINGFESTINGUNA** Karl Wernersson og Guðmundur Ólason ásamt verjendum í málinu. MYND/BOÐI LOGASON




# TAXFREE-DAGAR Í DORMA

## TAXFREE-AFSLÁTTUR Í SEPTEMBER

# 20,32% AF ÖLLUM VÖRUM!

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | RÚMFÖT O.FL.



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

**Holtagörðum**
**Pöntunarsími 512 6800**

DORMA
– býður góða nótt

DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík

**OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00** (Akureyri lokað á sunnudögum)

## SVONA ERUM VIÐ



**2011** **hirtu íslenskir sorphirðumenn samtals 51 þúsund tonn af blönduðum úrgangi**

**frá íslenskum heimilum, og hefur sorpið minnkað jafnt og þétt síðustu árin með aukinni flokkun úrgangs.**

Árið 2007 féllu 81 þúsund tonn af blönduðum úrgangi til frá íslenskum heimilum.

Microsoft kaupir tækja- og þjónustudeild Nokia fyrir 7,2 milljarða dala:

# Önnur stærstu fyrirtækjakaup Microsoft

**VIÐSKIPTI** Kaup bandaríska hugbúnaðarfyrirtækisins Microsoft á tækja- og þjónustudeild finnska farsímaframleiðandans Nokia eru önnur stærstu fyrirtækjakaupin í sögu Microsoft. Kaupin, sem áttu sér stað á þriðjudag, hljómuðu upp á 7,2 milljarða dala, um 870 milljarða króna, en stærstu kaup fyrirtækisins voru þegar það keypti netsímafyrirtækið Skype fyrir 8,5 milljarða dala, um eitt þúsund milljarða króna, árið 2011. Tíðindin eru einnig merkileg í ljósi þess að farsímafyrirtækin Nokia, Motorola og Ericsson, upprunalegu brautryðjendurnir á farsímamarkaðinum, hafa nú öll hætt sjálfstæðri framleiðslu á farsímum.

Kaupin marka nýja tíma hjá Microsoft, sem ætlar nú að bæta framleiðslu á farsímum við sölu á stýrikerfum fyrir farsíma. Dregið hefur úr eftirspurn eftir Windows-stýrikerfi Microsoft og því hefur bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið hafið sókn inn á farsímamarkaðinn. Nokia var áður risi á farsímamarkaðinum en hefur undanfarin ár dregist aftur úr í kjölfar aukinnar samkeppni í sölu á snjallsímum frá fyrirtækjum eins og Samsung og Apple. - hg



**FJALLAÐI UM KAUPIN** Steven A. Ballmer, framkvæmdastjóri Microsoft, fjallaði um kaupin á blaðamannafundi á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP



**FAGNAÐARLÆTI** Stór hópur hlýddi á ávarp heiðursgestsins Malölu við opnun bókasafnsins í gær og var henni fagnað ákaft. MYND/AFP

Hin unga Malala Yousafzai opnaði formlega bókasafn í gær:

## Ekkert vopn til beittara menntun

**ENGLAND, AFP** **Malala Yousafzai, sextán ára pakistanska stúlkan sem lifði það af að vera skotin í höfuðið af talíbönum í Pakistan í október 2012, opnaði formlega stórt bókasafn í Birmingham í gær.**

**Malala, sem er baráttukona fyrir rétti stúlkna til menntunar, býr nú þar. Þangað var hún flutt eftir skotárásina og segir hún því Birmingham sérstaklega hjartfólgna sér.**

**Malala ávarpaði hópinn, en um þúsund manns komu saman vegna opnunarinnar. Sagði hún ekkert vopn beittara en menntun og engin betri uppspretta menntunar en hið skrifaða orð. Jafnframt sagðist hún vona að bókasöfn, líkt og það sem hún opnaði formlega, mætti að lokum finna í hverju heimshorni.** - nej

Minnka eldsneytiseyðslu:

## Glæný gerð af fjöðrun frá ZF

**TÆKNI** Ný gerð af fjöðrun fyrir rafmagnsbíla er tilbúin hjá þýsku gírkassaverksmiðjunni ZF. Nýja kerfið nefnist Genshock og virkar þannig að því meiri hreyfing sem er á fjöðrunum, þeim mun meira rafmagni skilar búnaðurinn. Minni rafmagnsframleiðsla fer því fram á jafnsléttu en á ósléttum vegi en meiri orka tapast þegar bíllinn er á mikilli hreyfingu.

Raforkan er nýtt til þess að knýja ljós, rúðuþurrkur og miðstöðvarblásara og létta á rafalnum. Því mun tæknin draga úr eldsneytiseyðslu. - nej

Áfangastöðum fjölgað:

## Icelandair ætlar að fljúga víðar

**SAMGÖNGUR** Icelandair hyggst hefja flug til þriggja nýrra áfangastaða á næsta ári; Vancouver og Edmonton í Kanada og Genfar í Sviss.

Þá verður þremur Boeing-þotum bætt við flugflota fyrirtækisins, að því er segir í tilkynningu, og áætlað er að farþegum fjölgi um 350 þúsund á næsta ári, upp í 2,6 milljónir.

Flugáætlun Icelandair á næsta ári verður þannig tvöfalt umfangsmeiri en fyrir fimm árum, þegar félagið flutti um 1,3 milljónir farþega. - sth

# Launamunur eykst hjá sveitarfélögum

Óútskýrður kynbundinn launamunur hefur aukist hjá sveitarfélögum milli ára en minnkað hjá ríkinu. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, telur ríkisstofnanir hafa rýnt í launabókhaldið. Segir menningu og viðhorf launagreiðenda ráða miklu.

**JAFNRÉTTI** Óútskýrður kynbundinn launamunur mælist meiri hjá sveitarfélögum en hjá ríkinu. Launamunurinn hefur aukist hjá sveitarfélögunum milli ára en minnkað hjá ríkinu. Hjá sveitarfélögunum er munurinn 13,3 prósent en var 9,7 prósent á síðasta ári. Hjá ríkinu mælist óútskýrður kynbundinn launamunur 10,9 prósent en var 14,1 prósent á síðasta ári. Óútskýrður munur á heildarlaunum karla og kvenna innan BSRB er 11,4 prósent en var 12,5 prósent í fyrra.



**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR**

„Enn og aftur fáum við sömu upplýsingarnar þótt prósentan færist til og frá. Við þurfum að fá sveitarstjórnarfólk og alla viðsemjendur með okkur í þá vinnu að uppræta þetta. Ég tel að stofnanir ríkisins hafi tekið síðustu launakönnun mjög alvarlega og rýnt í launabókhald sitt, sem skýrir að einhverju leyti þessa þó litlu breytingu hjá ríkinu,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um niðurstöður kjarakönnunar bandalagsins fyrir árið 2013 sem Capacent gerði.

„Ég veit ekki um nokkurn mann sem vill viðhalda launamun kynjanna. Það vill enginn trúa að þetta sé hjá sér en tölurnar liggja fyrir. Með því að huga verða launagreiðendur að rýna í launabókhaldið á hverjum stað fyrir sig. Öðruvísi upprætum við þetta greinilega ekki,“ bætir Elín við.

Það er mat hennar að menning og viðhorf stjórnenda og launagreiðenda ráði miklu. „Launamunurinn er kannski fyrst og fremst í viðbótargreiðslum sem karlar fá frekar en konur.“

Mikilvægur þáttur í baráttunni gegn launamuninum er að halda umræðunni gangandi, að sögn Elínar. „Það er margt að þegar launamunur er til staðar. Við teljum að baráttan gangi best með því að vekja athygli á þessu með könnunum sem hægt er að bera saman milli ára og umræðu. Vonandi hefur jafnlaunaátak síðustu ríkisstjórnar, sem fór seint af stað og var ekki hafið þegar könnunin var framkvæmd, áhrif á mælingar næstu könnunar.“

ibs@frettabladid.is



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Launamunur kynja hefur aukist hjá sveitarfélögum á milli ára á sama tíma og hann hefur minnkað hjá ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Munur heildarlauna eftir kynjum

| | Ríki | Sveitarfélög | BSRB |
|---|---|---|---|
| 2012 | 14,1% | 9,7% | 12,5% |
| 2013 | 10,9% | 13,3% | 11,4% |

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGVIÐRI OG BJART** Í dag og næstu daga verður yfirleitt hægur vindur, úrkomulítið og ætti að sjást eitthvað til sólar í öllum landshlutum. Síðdegis á morgun hvessir norðvestantil og á föstudaginn má búast við strekkingi þar.




**Á morgun**
Hvessir NV-til síðdegis.




**Föstudagur**
Strekkingur NV- og V-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Berlín | 23° | Friedrichshafen | 27° | Las Palmas | 27° | New York | 26° | París | 30° |
| Aþena | 29° | Billund | 23° | Gautaborg | 19° | London | 26° | Orlando | 31° | San Francisco | 21° |
| Basel | 28° | Frankfurt | 27° | Kaupmannahöfn | 19° | Mallorca | 29° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 20° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður




# PILATES

Markmið Pilates er að lengja og styrkja líkamann með kerfisbundnum æfingum. Hver æfing er hvetjandi, virkjar kviðvöðvana og heldur iðkendum við efnið. Kolbrún þjálfari segir fólk koma afslappað út úr tímunum en jafnframt fullt af orku.

**NÝTT** 12 vikur

Hefst 10.september
- 12 vikur
- Kennari er Kolbrún Jónsdóttir
- Þri og fim kl.17:30 eða 18:30
- Verð kr.34.900 (þ.e. 11.650 pr. mán.)



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# Höfum bætt við einum Skrifstofuskóla á haustönn!

Kostar nú 44.000 í stað 209.000*

# Skrifstofuskóli NTV og Mímir-símenntun

240 stundir - 44.000 - Dagnámskeið byrjar 1. október og lýkur 23. janúar.
Kennt er þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá 13-17.

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins niðurgreiðir námið fyrir námsmenn sem ekki hafa lokið framhaldsnámi (stúdentsprófi eða hliðstæðri menntun). Án niðurgreiðslu Fræðslumiðstöðvarinnar kostar námið 209.000 kr. (Flest stéttarfélög styrkja einnig þetta nám)

Kennt er eftir nýrri vottaðri námskrá sem byggir á 16 ára reynslu NTV á skrifstofunámi. Markmiðið er að nemendur verði færir um að vinna almenn skrifstofustörf og sjá um að færa bókhald.

Skrifstofuskólinn hentar bæði þeim sem eru í leit að vinnu, á leið út á vinnumarkaðinn eftir nokkurra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í núverandi starfi. Þetta nám er mjög markvisst fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við ýmis krefjandi störf á vinnumarkaðinum.

**Helstu námsgreinar:**

Bókhald - Tölvubókhald - Sjálfstyrking - Mannleg samskipti - Verslunarreikningur
Tímastjórnun og markmiðasetning - Námstækni - Flott ferilskrá - Þjónusta - Hraðlestur
Tölvu- og upplýsingaleikni - (Stafræn samskipti - Netið - Word - Excel - Power Point)
Persónuleg færnismappa - Lokaverkefni

### Hvað segja nemendur okkar um námið:

Ég fór í nám hjá NTV til að styrkja stöðu mína á vinnumarkaði eftir langt hlé. Ég var í alla staði mjög ánægð með bæði námið og allt starfsfólk hjá þeim. Það þarf kjark til að fara að vinna aftur eftir mjög langt hlé og hann fann ég þarna. Ég kann þeim miklar þakkir fyrir.
**Kristbjörg Richter. Sölufulltrúi og móttökuritari.**

Ég hafði litla sem enga kunnáttu á tölvur og tölvubókhald þegar ég byrjaði en eftir eina önn var ég full af sjálfstrausti og fékk vinnu við bókhald í beinu framhaldi af náminu.
**María Magnúsdóttir Bókhald/Gjaldkeri**

Ég mæli hiklaust með Skrifstofuskólanum. Það var vel farið í námsefnið, sumt kunni maður, en annað ekki og þá var farið yfir það þar til maður náði því. :) Góður félagsskapur er í NTV og starfsfólkið frábært!
**Margrét Scheving**

Mjög skemmtilegt og hagnýtt nám. Aðstaðan er til fyrirmyndar og flottir kennarar:)
**Íris Björg Birgisdóttir**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

ntv

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar hefur Vegagerðin boðið Hafnarfjarðarbæ að setja upp skilti?
**2.** Hvar vildu Ólafur Ólafsson og Al Thani fjárfesta fyrir hrun?
**3.** Hver gerði myndaþátt fyrir bloggsíðu Kenzo?

**SVÖR**
**1.** Í Vogunum. **2.** Í Íran og París. **3.** Hulda Halldóra Tryggvadóttir.

Kaupmáttur hefur aukist lítillega hjá sumum og dregist saman hjá öðrum:

# Laun hækkað um 74,6 prósent síðan 2005

**EFNAHAGSMÁL** Þrátt fyrir að regluleg laun á íslenskum vinnumarkaði hafi hækkað um 74,6 prósent frá ársbyrjun 2005 til ársbyrjunar þessa árs jókst kaupmáttur á tímabilinu bara um 2,8 prósent.

Verðbólga á tímabilinu hefur þau áhrif að þótt laun hafi hækkað þá eykst kaupmáttur lítið. Í nýjum tölum Hagstofu Íslands kemur fram að kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði hafi aukist um 4,1 prósent, minnkað um 0,3 prósent hjá ríkisstarfsmönnum og dregist saman um 0,9 prósent hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Fram kemur að kaupmáttur launa hafi aukist á árunum 2006 og 2007 en staðið nokkurn veginn í stað árið 2008.

„Árin 2009 og 2010 dró úr kaupmætti en frá árinu 2011 hefur hann aukist aftur," segir í umfjöllun Hagstofunnar. Þar kemur jafnframt fram að á þessu átta ára tímabili hafi laun hækkað um 76,8% á almennum vinnumarkaði, um 69,4% hjá ríkisstarfsmönnum og 68,3% hjá starfsmönnum sveitarfélaga.

Fram kemur að dregið hafi úr launahækkunum á vinnumarkaði eftir árið 2007, en það ár hafi árshækkun verið 11 prósent. „Árshækkun var minnst árið 2010 þegar laun hækkuðu að meðaltali um 3,5 prósent á milli fyrsta ársfjórðungs 2009 og 2010. Árið 2011 jukust launahækkanir aftur og á fyrsta ársfjórðungi 2012 mældist ársbreyting 10,8 prósent."

- óká



**MISJAFNAR BREYTINGAR** Á almennum launamarkaði jókst kaupmáttur en dróst saman hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞRASTARLUNDUR** Sýslumaðurinn segir mikilvægt að bregðast við sé leyfisskyld starfsemi rekin án leyfa.

Lögregla lokar veitingastað:

# Aldrei sótt um veitingaleyfi í Þrastarlundi

**LÖGREGLUMÁL** Sýslumaðurinn á Selfossi lokaði veitingastaðnum í Þrastarlundi í Grímsnesi um helgina. Ástæðan er sú að rekstraraðilar staðarins höfðu aldrei sótt um leyfi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði staðurinn verið opinn frá því um miðjan júní.

„Við reynum vissulega að líðka til ef eitthvað vantar upp á hjá rekstraraðilum til að fullnægja leyfum en í þessu tiltekna tilviki hafði einfaldlega ekki verið sótt um leyfi," segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi. Hann segir að mikilvægt sé að bregðast við ef upp komi að leyfisskyld starfsemi sé rekin án tilskilinna leyfa.

- eh



**UMDEILT FRUMVARP** Stjórnvöld telja nauðsynlegt að safna fjárhagsupplýsingum um almenning. Sumir þingmenn telja hins vegar að það brjóti um of gegn friðhelgi einkalífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nauðsynlegar upplýsingar eða brot á friðhelgi fólks

Persónuvernd leggst enn gegn frumvarpi forsætisráðherra um Hagstofu Íslands, þrátt fyrir breytingar. Þingmaður Pírata segir frumvarpið ófreskju sem brjóti gegn friðhelgi einkalífsins. Stjórnarþingmaður segir frumvarpið nauðsynlegt til að geta metið áhrif af efnahagsaðgerðum stjórnvalda.

**ALPINGI** Forsætisráðherra lagði frumvarpið um Hagstofu Íslands fram á sumarþingi í tengslum við tillögur vegna skuldavanda heimilanna en afgreiðslu þess var frestað þangað til á septemberþinginu og hefur allsherjar- og menntamálanefnd fengið það í breyttri mynd til umfjöllunar.

Samkvæmt frumvarpinu verður Hagstofu Íslands veitt tímabundin heimild til að vinna tölfræðiskýrslur og rannsóknir sem eiga að gera kleift að greina skulda-, greiðslu- og eiginfjárstöðu tiltekinna hópa einstaklinga og fyrirtækja og meta áhrif aðgerða stjórnvalda. Í því skyni verður Hagstofunni heimilt að kalla eftir upplýsingum um stöðu lána einstaklinga og lögaðila frá Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum, Lánasjóði íslenskra námsmanna og öðrum fyrirtækjum og opinberum aðilum sem stunda lánastarfsemi í atvinnuskyni. Ekki má afla gagna lengur aftur í tímann en til 1. janúar 2012. Þó er heimilt að afla upplýsinga um lán sem hafa verið greidd upp eða hafa breyst vegna úrræða í þágu skuldara allt frá 31. desember 2006. Hagstofan á að jafnaði að eyða þeim gögnum sem hún aflar um fjárhagsstöðu einstaklinga einu og hálfu ári eftir fyrstu útgáfu niðurstaðna tölfræðigreininga og eigi síðar en í árslok 2018.



**HELGI HRAFN GUNNARSSON**



**BRYNJAR NÍELSSON**



**LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR**

Hörður Helgason, settur forstjóri Persónuverndar, segir að þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpi forsætisráðherra í sumar séu fyrst og fremst lagatæknilegar. Kjarninn í þeim athugasemdum sem Persónuvernd gerði í vor standi óhaggaður. Útskýringar skorti í frumvarpinu um hvers vegna þörf sé talin á svo miklum afskiptum af einkalífi fólks. „Við teljum ennþá ástæðu til að gjalda varhug við frumvarpinu þrátt fyrir breytingar sem hafa verið gerðar á því," segir Hörður.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, situr í allsherjar- og menntamálanefnd þingsins. Hann segir að þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu í sumar hafi ekkert að segja. „Frumvarpið er ófreskja sem brýtur gegn friðhelgi einkalífsins og gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar," segir hann. Hann segir að upplýsingaöflun af þessu tagi þjóni stjórnvöldum en ekki almenningi í landinu.

„Þetta er vandræðamál og það þarf að skoða þetta frumvarp betur og fá frekari upplýsingar um það. Því er ekki að neita að Hagstofufrumvarpið fer frekar öfugt ofan í venjulega sjálfstæðismenn," segir Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Það er mjög mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa traustar upplýsingar um skuldagreiðslur og eiginfjárstöðu heimilanna í landinu til að geta metið áhrif af aðgerðum stjórnvalda," segir Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í allsherjar- og menntamálanefnd. „Það liggur fyrir að þessar upplýsingar hefur skort og sérstaklega upplýsingar til að skoða hvaða áhrif aðgerðir hafa á mismunandi hópa eftir fjölskyldugerðum og aldri. Þess vegna er nauðsynlegt að koma þessu frumvarpi í gegn."

johanna@frettabladid.is

## Afgreitt úr nefnd fljótlega



„Hagstofufrumvarpið er til umræðu hjá allsherjar- og menntamálanefnd. Við erum að ræða mögulegar breytingar á frumvarpinu og leita svara við ýmsum spurningum sem hafa vaknað. Það er hins vegar ekki tímabært að ræða hvaða breytingar við erum að hugsa um að gera. Ég vona að við ljúkum umfjöllun um frumvarpið áður en þing kemur saman á þriðjudag," segir **Unnur Brá Konráðsdóttir,** formaður allsherjar og menntamálanefndar.

> **Því er ekki að neita að Hagstofufrumvarpið fer frekar öfugt ofan í venjulega sjálfstæðismenn.**
>
> *Brynjar Níelsson*
> *þingmaður Sjálfstæðisflokksins*

**KÓRSTJÓRI**

Breiðfirðingakórinn í Reykjavík sem er að hefja sitt 17. starfsár óskar eftir stjórnanda. Í kórnum eru 40-50 manns og hefur starfið verið öflugt undanfarin ár. Nýr stjórnandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar fást hjá Halldóru í síma 895-6607 eða í netfangi halldorakg@simnet.is fyrir **sunnudaginn 8. september.**

**Lokað vegna jarðarfarar**

Skrifstofa **STAFA** lífeyrissjóðs verður lokuð frá kl. 12 á hádegi í dag vegna jarðarfarar.

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 • 110 Reykjavík • sími 569 3000 • stafir@stafir.is

stafir.is

Skrifstofur eftirtalinna stofnana
að Stórhöfða 31
verða lokaðar vegna útfarar

**Skúla Skúlasonar**

miðvikudaginn 4. september frá kl. 12

*Rafiðnaðarsamband Íslands* *MATVÍS*
*Félag bókagerðarmanna* *Stafir, lífeyrissjóður*



# Skíðaveisla

## VITA í vetur

## Ítalía – Austurríki og Ameríka

Ljósmyndari: Randy Lincks

Morgunflug til Verona með Icelandair



### Ítalía – eingöngu með VITA

Allir vinsælustu skíðastaðirnir: Selva, Madonna di Campiglio, Val di Fiemme og Paganella

**Verð frá 124.900 kr.***

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á Garni Christiania í Madonna 18. – 25. janúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 134.900 kr.

Flugáætlun:
8., 18., og 25. janúar
1., 8., 15. og 22. febrúar

Morgunflug til München með Icelandair



### Austurríki – Dalirnir 3 – Flachau

Fallegur skíðabær með aðgengi að Ski-Amadé, einu besta skíðasvæði austurísku Alpanna.

**Verð frá 169.900 kr.***

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með hálfu fæði á hótel Unterberghof 25. janúar – 1. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 179.900 kr.

Flugáætlun:
25. janúar
1., 8. og 15. febrúar

Beint flug til Denver með Icelandair



### Aspen - Colorado

Aspen – frægasti skíðastaður heims, sem allir skíðamenn þurfa að prófa einu sinni á ævinni.

**Verð frá 253.400 kr.***

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Aspen Meadows 15. – 23. febrúar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði

* Verð án Vildarpunkta 263.400 kr.

Flugáætlun:
1., 4. og 15. febrúar
2. mars

Beint flug til Denver með Icelandair



### Vail - Colorado

Vail í Klettafjöllum, stærsta samfellda skíðasvæði í Bandaríkjunum.

**Verð frá 329.500 kr.***

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Vail Marriott 2. – 12. mars.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Verð án Vildarpunkta 339.500 kr.

Flugáætlun:
2. mars

ÍSLENSKA SIA.IS/ VIT 65512 09/13

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði:

# Lítið hillupláss í skjalageymslum

**ÍSAFJÖRÐUR** Hillupláss er af skornum skammti í skjalageymslum Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsi. Nauðsynlegt þykir að bregðast við í málinu svo að hægt sé að tryggja örugga varðveislu skjala bæjarins samkvæmt kröfum þeim sem gerðar eru til skjalasafna. Þetta kemur fram í fundargerð bæjarráðs síðastliðinn mánudag.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóranum, Daníel Jakobssyni, að kanna málið. - nej

Japönsk stjórnvöld ætla að fjármagna ísvegg við kjarnorkuverið í Fukushima:

# Japansstjórn hætt að sitja hjá

**JAPAN** Japönsk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau myndu verja 470 milljörðum króna til að reisa eins konar ísmúr neðanjarðar milli kjarnorkuversins í Fukushima og hafsins, til að koma í veg fyrir að geislamengað vatn gæti lekið út í sjó.

„Í staðinn fyrir að láta TEPCO þetta eftir grípur stjórnin nú inn í og tekur málið í sínar hendur," sagði Shinzo Abe forsætisráðherra á blaðamannafundi. TEPCO er orkufyrirtækið sem rekur kjarnorkuverið í Fukushima sem eyðilagðist í náttúruhamförunum í mars árið 2011.

Mikið magn af geislamenguðu vatni hefur safnast fyrir í verinu og jarðveginum í kring. Meira en þúsund geymslutankar hafa verið reistir við verið til að halda vatninu í skefjum, en á hverjum degi bætast um 400 tonn af vatni við.

Sumir þessara tanka hafa lekið en ríkið hefur engin áform um að hjálpa TEPCO við að reisa fleiri tanka eða tryggja öryggi þeirra betur. - gb



**SHINZO ABE** Forsætisráðherra Japans hefur ákveðið að grípa inn í ástandið, tveimur og hálfu ári eftir hamfarirnar. NORDICPHOTOS/AFP

Gæsluvarðhald fyrir innbrot:

# Braust inn til foreldra vinar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær vikulangt gæsluvarðhald yfir karlmanni vegna fjölmargra innbrota og þjófnaðarbrota. Meðal annars braust hann inn hjá foreldrum vinar síns og stal þaðan þúsund dollurum og evrum að verðmæti hálf milljón króna.

Í úrskurðinum segir að stór hluti þýfisins sé ófundinn og því sé nauðsynlegt að maðurinn sæti varðhaldi svo að hann geti ekki torveldað rannsókn málsins. - vg

Stefna á stækkun húsnæðis:

# UNICEF fagnar nýju Barnahúsi

**SAMFÉLAGSMÁL** UNICEF á Íslandi fagnar fyrirhuguðum áformum ríkisstjórnarinnar um að auglýsa eftir stærra húsnæði undir starfsemi Barnahúss.



**STEFÁN INGI STEFÁNSSON**

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðisráðherra, sagði á föstudag að samstaða væri um að auglýsa eftir stærra húsnæði eftir að í ljós hefði komið að biðlistar í Barnahús hefðu aldrei verið lengri.

UNICEF telur að stækkun Barnahúss muni leiða til stórbættrar þjónustu við börn og að í framtíðinni muni jafnvel verða mögulegt að víkka út starfsemina. - nej

45 prósent í Vodafone seld:

# Verðið á við 888 Hörpur

**VIÐSKIPTI** Bandaríska fjarskiptafyrirtækið Verizon Communications hefur keypt 45 prósenta hlut í Verizon Wireless af Vodafone. Um þriðju stærstu sölu á fyrirtæki frá upphafi er að ræða. Söluandvirði hlutarins er 130 milljarðar dala, um sextán þúsund milljarðar króna. Til samanburðar eru heildarskuldir ríkissjóðs Íslands um 1.500 milljarðar króna og heildarkostnaður við byggingu tónlistarhússins Hörpu er talinn vera um átján milljarðar króna.

Vittorio Colao, framkvæmdastjóri Vodafone, sagði í tilkynningu að kauptilboð Verizon Communications hefði vakið áhuga hluthafa Vodafone og á endanum hefði verið tekin ákvörðun um að selja hlutinn. Hlutabréf Vodafone hækkuðu um 3,4 prósent eftir að salan var staðfest. - hg

# Segir „djöflast“ á Sigurjóni

Slitastjórn Landsbankans krefur Sigurjón Þ. Árnason um samanlagt 65 milljarða króna í skaðabætur fyrir störf sín fyrir hrun. Lögmaður Sigurjóns segir hann ekki borgunarmann og að slitastjórnin sé að „djöflast“ á honum.

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Landsbankans krefst 65 milljarða samanlagt í skaðabætur frá Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans.

Fyrirtaka fór fram í riftunarmáli þrotabúsins gegn Sigurjóni í gær, en það mál hefur verið að velkjast um í kerfinu í um þrjú ár og hefur einu sinni verið vísað frá.

Stjórnin hefur höfðað þrjú stór skaðabótamál gegn stjórnendum Landsbankans fyrir Héraðsdómi en eitt þeirra bíður afgreiðslu Hæstaréttar Íslands. Skaðabótakröfur sem beinast að Sigurjóni eru um 65 milljarðar samkvæmt lögfræðingi hans, Sigurði G. Guðjónssyni.

Nú í gærmorgun fór að auki fram enn ein fyrirtakan í riftunarmáli bankans gegn Sigurjóni þar sem krafist er þess að launagreiðslum bankans til fyrrverandi bankastjórans upp á 300 milljónir króna verði rift.

„Það er verið að djöflast á þessum mönnum, en þá gleymist á sama tíma að slitastjórnirnar þurfa að ráða lögfræðinga, sem ráða algjörlega sínu tímakaupi og kostnaðurinn verður að lokum meiri en heimtur," segir Sigurður um skaðabótamálin. Hann segir málareksturinn tilgangslausan „enda alveg ljóst fyrir að Sigurjón er enginn borgunarmaður fyrir þessu".

Auk Sigurjóns hefur Halldór J. Kristjánsson, sem var einnig bankastjóri gamla Landsbankans, verið krafinn um skaðabætur. Eins hefur stjórn bankans verið stefnt, en meðlimir hennar eru krafðir samanlagt um 46 milljarða í skaðabætur.

Stærsta málið sem snýr að fyrrverandi bankastjórum Landsbankans er enn í meðförum Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar er krafist 37 milljarða í skaðabætur.



**LANDSBANKI ÍSLANDS** Slitastjórn Landsbankans krefur Sigurjón og fyrrverandi stjórnendur bankans um tugi milljarða.

## Gríðarlegar upphæðir



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON**



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON**

Slitastjórn stefndi stjórnendum og stjórn bankans árið 2011. Heildarupphæð skaðabóta í málinu öllu nemur tæpum 46 milljörðum króna.

Hinir stefndu voru Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, sem voru bankastjórar gamla Landsbankans, auk þeirra Kjartans Gunnarssonar, Andra Sveinssonar, Þorgeirs Baldurssonar, Svöfu Grönfeldt og Jóns Þorsteins Oddleifssonar. Þá var tryggingafélaginu Brit Insurance Ltd jafnframt stefnt í málinu. Málinu var vísað frá í júní og er nú hjá Hæstarétti. Sigurjón er krafinn um 17,2 milljarða í því máli.

Slitastjórnin stefndi Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni árið 2010 fyrir vanrækslu í starfi. Er krafist 37 milljarða í því máli.

Svo var þeim, ásamt Elínu Sigfúsdóttur, stefnt til greiðslu skaðabóta upp á 16,2 milljarða. Í tengdu máli eru bankastjórarnir krafðir um 11,5 milljarða vegna lánveitinga til Straums fyrir hrun.

Sigurður segir málin fjarstæðukennd og bætir við að hans upplifun sé sú að aðrar hvatir séu á bak við stefnurnar en að endurheimta fé fyrir þrotabúið.

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi Slitastjórnar Landsbankans, svarar aðspurður að ekki sé búið að taka saman kostnað vegna málaferlanna. Hann segist ekki búast við því að slíkar upplýsingar verði sundurliðaðar.

„En menn telja, eftir að hafa skoðað málin gaumgæfilega, meðal annars hvernig haldið var á málum í bankanum fyrir hrun, að þar beri stjórnendur ábyrgð og hafi valdið bankanum tjóni með sinni starfsemi. Og það er bara verið að reyna að fá skaðabætur vegna þessa," segir Páll. valur@frettabladid.is






ARGH!!! 020913 #5




Þór Óliver fékk reynslulausn í fyrra en er nú kominn aftur í afplánun:

# Ákærður fyrir að hóta lögreglu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Þór Óliver Gunnlaugssyni, sem áður hét Þórhallur Ölver Gunnlaugsson, fyrir hótanir í garð lögreglumanna sem höfðu afskipti af honum þegar hann var staddur í annarlegu ástandi inni á bensínstöð. Hann er jafnframt ákærður fyrir að hafa lítilræði af fíkniefnum í fórum sínum.

Þór Óliver, þá Þórhallur Ölver, fékk sextán ára fangelsisdóm árið 2000 fyrir að bana Agnari W. Agnarssyni. Árið 2004 fékk hann svo tveggja og hálfs árs fangelsisdóm fyrir skjalafals og að reyna að svíkja fé út úr dánarbúi Agnars. Árið 1995 hafði Þórhallur fengið einn þyngsta dóm Íslandssögunnar fyrir fjársvik, þrjú ár í máli sem kennt var við fyrirtækið Vatnsberann.

Síðan hefur hann fengið fjölda styttri dóma. Hann strauk af Litla-Hrauni í júlí 2011 en var veitt reynslulausn árið eftir. Þá átti hann 2.075 daga eftir óafplánaða, sem eru tæp sex ár. Hann hefur nú hafið afplánun eftirstöðva þessara eldri dóma. - sh



ÞÓR ÓLIVER GUNNLAUGSSON

# Obama gefur lengri tíma íhlutun í skyn

Bandaríkjaforseti hefur fengið stuðning leiðtoga beggja flokka á þingi við hernað gegn Sýrlandsstjórn en á þó engan veginn vísan stuðning nægilega margra þingmanna. Varnarmálanefnd Bandaríkjaþings yfirheyrði John Kerry og Chuck Hagel.

**SÝRLAND** Barack Obama Bandaríkjaforseti ítrekaði í gær, á fundi sínum með þingmönnum, að hernaðaraðgerðir gegn Sýrlandsstjórn ættu að vera takmarkaðar og taka stuttan tíma.

„Þetta er ekki Írak. Þetta er ekki Afganistan,“ sagði hann til að leggja áherslu á að Bandaríkin væru ekki að búa sig undir langvarandi átök.

Hins vegar gaf hann jafnframt í skyn að hinar takmörkuðu aðgerðir gætu orðið hluti af langtímaverkefni sem gæti með tímanum orðið til að styrkja stjórnarandstöðuna og skapa þann efnahagslega og pólitíska þrýsting sem þyrfti til að koma á breytingum og skapa stöðugleika, ekki aðeins í Sýrlandi heldur einnig í nágrannalöndunum.

Með þessu virðist hann vera að höfða til harðlínusjónarmiða sumra repúblikana, sem telja takmarkaðar aðgerðir ekki líklegar til að skila neinum árangri.

Eftir fundinn lýsti John Boehner, leiðtogi repúblikana í fulltrúadeildinni, yfir stuðningi við áform forsetans: „Ég tel að félagar mínir ættu að styðja þetta ákall um aðgerðir,“ segir hann.

Bandaríkjaþing kemur saman eftir helgina og ræðir þá hugsanlegar aðgerðir gegn Sýrlandsstjórn. Varnarmálanefnd öldungadeildir þingsins er hins vegar byrjuð að undirbúa umræðurnar og kallaði í gær þá John Kerry utanríkisráðherra og Chuck Hagel varnarmálaráðherra á sinn fund. Einnig var Jack Dempsey, yfirmaður bandaríska herráðsins, yfirheyrður af nefndinni.



**Á FUNDI MEÐ BANDARÍSKUM ÞINGMÖNNUM Í GÆR** Barack Obama verður á faraldsfæti næstu daga, kemur til Svíþjóðar í dag og heldur síðan áfram til Pétursborgar í Rússlandi á leiðtogafund 20 stærstu iðnríkja heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Francois Hollande Frakklandsforseti lýsti því yfir í gær að Frakkar myndu ekki standa einir að neinum hernaði á hendur Sýrlandi. Hann myndi bíða eftir niðurstöðu Bandaríkjaþings, en franska þingið kemur saman í dag til að ræða þetta mál.

Breska þingið hefur hafnað því að Bretar taki þátt í slíkum hernaði og þýska stjórnin hefur sömuleiðis lýst því yfir að þátttaka komi ekki til greina.

Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, sagði hins vegar í gær að Dönum bæri ótvíræð skylda til að styðja hernaðaraðgerðir gegn Assad Sýrlandsforseta og stjórnarher hans.

Málið verður til umræðu á leiðtogafundi 20 stærstu iðnríkja heims, sem haldinn verður í Rússlandi á fimmtudag og föstudag. Þar verður reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

gudsteinn@frettabladid.is

> Þetta er ekki Írak. Þetta er ekki Afganistan.
>
> *Barack Obama Bandaríkjaforseti*

## Menn verða að leggja fyrir okkur trúverðug gögn

„Ja, það er alveg ljóst að menn verða að leggja fyrir okkur trúverðug gögn. Það vill enginn að það endurtaki sig að menn fari í einhverjar slíkar æfingar án haldbærra gagna,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, spurður hvort Íslendingar séu eins og fleiri brenndir af þeim upplýsingum sem Bretar og Bandaríkjamenn lögðu fram fyrir innrásina í Írak árið 2003 en reyndust vera á sandi byggðar.

„En um leið er skelfilegt að hugsa til þess að einhver komist upp með að beita efnavopnum og alþjóðasamfélagið sé ekki í stakk búið til að taka á því. Það er alveg ómöguleg staða,“ segir Gunnar Bragi, sem í gær sat fund utanríkisráðherra Norðurlandaríkjanna og Eystrasaltsríkjanna í Visby í Svíþjóð.

Hann segir að Ísland hafi stutt tillögu um að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna vísaði málefnum Sýrlands til Alþjóðasakamáladómstólsins. Hann trúi því að enn sé ekki fullreynt með að öryggisráðið geti komist að sameiginlegri niðurstöðu um aðgerðir gegn Sýrlandsstjórn.

„Við lifum ennþá í þeirri von að niðurstaða rannsóknar Sameinuðu þjóðanna á þessari beitingu efnavopna og mögulega þær sannanir sem Bandaríkjamenn virðast búa yfir, og Bretar og Frakkar og fleiri hafa sagt að séu fullnægjandi, geri það að verkum að öryggisráðið geti tekið afstöðu í málinu. Ég vil ekkert útiloka það.“

Í kvöld mun Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, ásamt forsætisráðherrum Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands, eiga fund með Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, í Stokkhólmi þar sem þessi mál verða eflaust rædd.



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA** Telur ekki enn fullreynt með að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna komist að niðurstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðbúnaður sjúklinga og aðstaða heilbrigðisstarfsfólks skiptir miklu máli:

# Tími í sjúkraflugi hefur lengst

**SAMGÖNGUR** Aðbúnaður sjúklinga og aðstaða heilbrigðisstarfsfólks skiptir ekki síður máli en tíminn sem fer í sjúkraflug. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um sjúkraflug sem Ríkisendurskoðun hefur lagt fyrir Alþingi.

Í skýrslunni er farið yfir þróun mála í sjúkraflugi síðustu ár. Fram kemur að heildartími sjúkraflugs hafi lengst á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum eftir 2009 við að flugvél komi frá Akureyri í stað þess að vera til reiðu á staðnum.

„Mikilvægt er að hafa í huga að þó mínútur geti skipt sköpum í sjúkraflutningum hefur aðbúnaður sjúklinga og aðstaða lækna, sjúkraflutningamanna og aðstandenda veruleg áhrif,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Fram kemur að síðustu ár hafi um 83 prósent sjúkraflugs frá Vestfjörðum tekið meira en tvo tíma og um 16 prósent einn og hálfan til tvo tíma. Í Vestmannaeyjum var eitt flug sem tók skemmri tíma en klukkustund, 70 prósentin voru á bilinu einn og hálfur til tveir og hálfur tími.

Vitnað hefur verið til mikilvægis sjúkraflugs í umræðum um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Nú hafa rúmlega 64 þúsund skrifað undir lista til stuðning veru vallarins í Reykjavík.

Þá sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í viðtali við RÚV í gær að kominn væri tími á sátt um flugvöllinn, sátt um að hann yrði áfram í Vatnsmýri. **- óká**




**HEIMILD:** *Ríkisendurskoðun, Sjúkraflug á Íslandi (ágúst 2013)*

Milljónar krafist í skaðabætur:

## Ákærður fyrir tvær árásir

**DÓMSMÁL** Karlmaður fæddur árið 1985 hefur verið ákærður fyrir tvær líkamsárásir sama kvöldið. Málið var þingfest í Héraðsdói Reykjavíkur í gær en manninum er gefið að sök að hafa slegið tvo menn. Önnur árásin átti sér stað í Hafnarfirði, en sá nefbrotnaði auk þess sem sauma þurfti níu spor í vörina á honum.

Seinni árásin átti sér stað á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur en fórnarlamb þeirrar árásar hlaut mar og yfirborðsáverka. Samanlagt er krafist um milljónar króna í skaðabætur vegna árásanna. **- vg**

Obama í Stokkhólmi:

## Íbúar fleygi ekki rusli

**SVÍPJÓÐ** Íbúar í miðborg Stokkhólms eru hvattir til þess að fleygja ekki rusli á meðan á opinberri heimsókn Baracks Obama Bandaríkjaforseta stendur í dag. Sorphreinsun liggur nefnilega niðri vegna umferðartakmarkana.



**BARACK OBAMA**

Íbúarnir eru jafnframt hvattir til þess að bíða með að fleygja pappír, plasti, málmdósum, glerflöskum og dagblöðum þar til forsetinn er farinn úr landi.

Aukastarfskraftur var fenginn í gær til þess að tæma pappírsgáma og aðra gáma til þess að ekki safnaðist of mikið upp. **- ibs**




**Í REYKJAVÍK** Eina hópuppsögnin í ágúst var hjá Intersporti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ein hópuuppsögn í ágúst:

## 27 var sagt upp hjá Intersporti

**EFNAHAGSMÁL** Vinnumálastofnun barst ein tilkynning um hópuppsögn í ágústmánuði. 27 manns var sagt upp störfum í verslunum Intersport. Samkvæmt heimildum blaðsins voru starfsmenn áður yfir 50 talsins.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir tilkynningar um hópuppsagnir hafa verið með minnsta móti. „Góðu heilli er ekki mikið af slíkum uppsögnum að berast okkur,“ segir hann og kveðst vonast til að færri hópuppsagnir, miðað við þá hrinu sem komið hafi í kjölfar hrunsins, séu til marks um að vinnumarkaður sé svolítið að taka við sér. „Vonandi er að þeir sem þarna missa vinnuna komist fljótt í önnur störf.“ **- óká**

*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

# Tölvunám sem gefur þér forskot

45.000 nemar frá 1986



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 45.000 hafa sótt tölvumenntun sína til skólans frá upphafi. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar býður breitt úrval námskeiða og frábæra leiðbeinendur. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

*Námsbrautir:*

### Tölvu- og bókhaldsnám

Sæktu ítarlegt og gagnlegt nám þar sem lögð er áhersla á hagnýta tölvunotkun og bókhald. Kennt er á Windows, Word, Excel, Outlook póst- og skipulagsforritið og hagnýtt bókhald. Í náminu eru unnin mörg raunhæf verkefni úr atvinnulífinu.

Verð: 179.000 Stundir: 180
Morgunnám hefst 30. sept. og kvöldn. 16. sept.

**Tengd námskeið:**
Windows, Word, Excel, Outlook, bókhald

### Tölvunám fyrir 50+

Skemmtu þér í námi sem hentar jafnt byrjendum og þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref á tölvubrautinni. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun. Þægilegur námshraði og íslenskar bækur.

Verð: 75.000 Stundir: 72
Dagnám hefst 7. okt. og kvöldnám 25. sept.

**Tengd námskeið:**
Tölvunám fyrir 50+ stutt

### Almennt tölvunám

Frábært nám ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun en vilt sækja gott og ítarlegt nám um öll helstu tölvuforritin. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Outlook og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast við vinnu og heima.

Verð: 69.000 Stundir: 63
Morgunnám hefst 30. sept. og kvöldn. 16. sept.

**Tengd námskeið:**
Almennt tölvunám stutt

### Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bóhaldsnám sem ætlað er þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Vefaðgangur að bókhaldi fyrir nemendur.

Verð: 119.000 Stundir: 94
Morgunnám hefst 23. sept. og kvöldn. 26. sept.

**Tengd námskeið:**
Hagnýtt bókhald II + tilboð í I&II

### Hagnýt verkefnastjórnun

Einstakt nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á stjórnun verkefna og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Lykilatriði verkefnastjórnunar, alþjóðleg aðferðarfræði (PRICE2) við undirbúning, skipulagningu og stjórnun verkefna, notkun hugarkorta og notkun Excel og Project við áætlanagerð.

Verð: 95.000 Stundir: 54
Morgunnám hefst 3. október

**Tengd námskeið:**
PRINCE 2, MS Project, Hugarkort

### Visual C# og vefforritun

Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám sem er góður undirbúningur fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og góð viðbót fyrir reynda forritara. Námsgreinar: Visual C# forritun, .NET forritun, Silverlight, HTML5, jQuery og .NET vefforitun.

Verð: 189.000 Stundir: 95
Kvöldnám hefst 24. september

**Tengd námskeið:**
Grunnnám í forritun, C# forritun

### Innri tölvuþjónusta

Mjög gagnlegt nám fyrir þá sem vinna við umsjón tölva eða vilja hasla sér völl á því sviði. Námsgreinar: Office 2013 Power User (Word, Excel, PowerPoint, Outlook), netfræði, grunnur netstjórnunar og Windows 7/8 kerfisfræði.

Verð: 169.000 Stundir: 94
Morgunnám hefst 25. sept.

### Vefsíðugerðarnám

Vandað og skemmtilegt námskeið fyrir þá sem vilja hafa umsjón með vefsíðu, eða smíða nýja. Námsgreinar: HTML og CSS, DreamWeaver, Joomla og Photoshop, uppsetning og leitarbestun. Nemar vinna að gerð eigin vefsíðu samhliða náminu.

Verð: 135.000 Stundir: 115
Dagnám hefst 16. sept. og kvöldnám 24. sept.

**Tengd námskeið:**
DreamWeaver, Photoshop, Joomla
HTML+CSS og Vefsíðugerð grunnur

*Hver stund er ígildi 40 mínútna kennslu*

*Almenn námskeið:*

**Áhugaljósmyndun • Access I • Access II • DreamWeaver • Excel • Excel II • Excel III forritun • Excel PowerPivot • Fingrasetning • Flash • Grunnnám í forritun HTML og CSS • Lightroom • Outlook • Photoshop Elements • Photoshop PowerPoint • Spjaldtölvur • Stafræn ljósmyndun • Stafræn myndbandagerð Windows 7/8 • Word • Word II • Vinnsla langra skjala o.fl....**

- 30 daga ókeypis símaþjónusta eftir námskeið
- Þú getur bætt þér upp veikindi og forföll innan árs
- Flest stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Ekkert staðfestingargjald

*Þetta er hluti af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem hefur verið í fremstu röð frá 1986.*

*Hringdu í 520 9000 eða Skoðaðu nánar á www.tv.is*

### Fyrirtækjaþjónusta

Við höldum sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir. Komum líka á staðinn og aðstoðum starfsmenn og stjórnendur við innleiðingu kerfa og sérlausnir. Fáðu tilboð hjá okkur.

tv.is

Finndu okkur á: facebook
“Tölvu- og verkfræðiþjónustan”

Grensásvegi 16 | Sími: 520 9000 | tv@tv.is

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

## Henta lög um kynjajafnrétti ekki lífeyrissjóðum?

# Illla hönnuð lög?

Þessi lög eru ágæt að mörgu leyti en kunna að ganga of langt. Þau eru ekki hönnuð með hagsmuni lífeyrissjóða að leiðarljósi."

Þessi ummæli Þóreyjar Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða, í Fréttablaðinu í gær lýsa dálítið óvæntu skilningsleysi á löggjöfinni um kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja. Þórey var að verja það að sjö lífeyrissjóðir uppfylla ekki skilyrði laganna, sem tóku gildi í byrjun mánaðarins. Hjá fimm sjóðum vantar eina eða tvær konur í stjórn til að uppfylla skilyrði laganna og hjá tveimur vantar karl.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þórey bendir á að í sumum tilvikum sé uppistaða sjóðfélaga af öðru kyninu, eins og til dæmis í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. „Það er allt hægt, það er hægt að búa til einhverja fléttulista en þá getur það líka verið þannig að það sé verið að ýta fólki út vegna þess að það er af öðru hvoru kyni. Það eru kostir og gallar í þessu," sagði Þórey í Fréttablaðinu og boðaði að Landssamtökin tækju málið upp við nýja ríkisstjórn. Í gær sendu samtökin reyndar frá sér yfirlýsingu og sögðust ekki ætla að beita sér fyrir breytingum á lögunum – sem er skynsamlegri afstaða.

Það var alveg deginum ljósara þegar lögin voru sett að þau myndu hafa í för með sér að fólki yrði ýtt út úr stjórnum hlutafélaga eða lífeyrissjóða af því að það væri af öðru hvoru kyninu. Í yfirgnæfandi meirihluta tilvika á það við um karla, af því að þeir voru í yfirgnæfandi meirihluta í stjórnum áður en lögin voru sett. Óhjákvæmilega gat það í örfáum tilvikum þýtt að kona missti stjórnarsæti en á heildina litið jafnast valdahlutföll kynjanna í viðskiptalífinu verulega fyrir tilstilli lagasetningarinnar.

Við skulum ekki gleyma af hverju lögin voru sett. Þrátt fyrir hástemmdar heitstrengingar forsvarsmanna fyrirtækja og samtaka þeirra um árabil um að nú ætti að laga hlut kvenna í stjórnum gerðist ekki neitt. Árið áður en lögin voru sett fækkaði konum í stjórnum stærstu fyrirtækja landsins. Fyrirtækin, lífeyrissjóðirnir þar með taldir, gátu sjálfum sér um kennt.

Svo gætu býsna margir framámenn í atvinnulífinu sagt eins og Þórey að lögin séu ágæt en bara alls ekki hönnuð með hagsmuni þeirra fyrirtækis eða greinar að leiðarljósi. Stóru fyrirtækin í flutningabransanum gætu til dæmis bent á að þar störfuðu aðallega karlmenn, karlmenn væru yfirgnæfandi í hópi eigenda og stjórnenda, sömuleiðis í forsvari fyrir flesta stærstu kúnnana og löng hefð fyrir því að nánast eingöngu karlar skipuðu stjórnina. Og hætt við að einhver þyrfti að víkja úr stjórn vegna kynferðis síns út af þessum árans kynjakvóta og einhverjum fléttulistum.

Eitt af sjónarmiðunum að baki lagasetningunni er að fyrirtækjum þar sem sjónarmið jafnt karla sem kvenna fá vægi við stjórnarborðið sé einfaldlega betur stjórnað en öðrum. Það sýna margvíslegar rannsóknir. Það hlýtur að eiga við um lífeyrissjóðina líka, alveg burtséð frá kynjasamsetningu sjóðfélaganna.

Á sínum tíma báðu Landssamtök lífeyrissjóða um að gildistöku laganna yrði frestað um ár en höfðu ekki erindi sem erfiði. Hefði ekki verið sniðugra hjá forsvarsmönnum Lífeyrissjóðanna að segja bara að þeir hefðu ekki náð að uppfylla skilyrði laganna í tíma og ætluðu að vera snöggir að laga það en að bjóða upp á röksemdafærslu sem heldur engum þræði?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



Saalbach - Hinterglemm

18. - 25. janúar 2014

**Fararstjórar:** Steingrímur Birgisson og Guðmundur K. Einarsson

**Verð: 229.600 kr.** á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!

Saalbach - Hinterglemm hefur stundum verið nefnd skíðaparadís Alpanna. Púðursnjór, fjölbreyttar brekkur og kristaltært loft lætur engan ósnortinn.

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### ...þegar allir eru dauðir?

Grímur Gíslason, Eyjamaður og formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, skellir fram í hinni fyrirsjáanlegu umræðu um framlög ríkis til menningar og lista: „Ætli væri ekki hægt að reka Landsspítala Háskólasjúkrahús á ári fyrir það sama og fer til menningar og lista." Hann segir réttilega að standa verði vörð um grunnþjónustu, líkt og heilbrigðisþjónustu, en segir um mikilvægi menningar fyrir samfélagið: „Við höfum lítið við menningu að gera þegar allir eru dauðir". Þegar þessi ofurhvassa röksemdarfærsla er yfirfærð á önnur svið má sjá að það er ýmislegt sem maður hefur lítið að gera við þegar allir eru dauðir. Framlög til stjórnmálaflokka? Stjórnmál skipta engu þegar allir eru dauðir. Peningar til íþrótta- og ungmennastarfs? Við spilum ekki fótbolta þegar allir eru dauðir.

### Strámennskan er ekkert grín

Auðvitað er fráleitt að draga upp þessa mynd hér að ofan. Á lærðu máli kallast þetta að reisa strámenn. En það er Grímur líka að gera því að í grunninn snýst málið auðvitað ekki um að velja milli menningar og Landspítalans. Þetta að koma rekstri ríkisins í jafnvægi, en slík forpokun er ekki sæmandi. Og ef einhver heldur að slík sýn á heiminn sé bundin við jaðarhópa eða áhrifalitlar kreðsur innan stjórnmálaflokka má minnast þess að nú sitja á Alþingi einstaklingar sem hafa verið gerðir afturrækir með yfirlýsingar um að slá eigi af listamannalaun og á síðasta þingi hrutu gullmolar eins og að ef listafólk gæti ekki séð sér farboða með sölu verka sinna ættu það að fá sér vinnu „eins og venjulegt fólk".



### Illa farið með góðan málstað

Framlög ríkis til lista og menningar má styðja með beinhörðum rökum þar eð sýnt hefur verið fram á að „skapandi geirinn" veltir um 190 milljörðum á ári og skapar um 10.000 störf. Þess vegna gerir skáldið Sjón sér engan greiða með því að úthúða Eyjamönnum og setja þá alla með groddalegum hætti undir einn rökþrota hatt.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Mér krossbrá

EVRÓPUMÁL



**Elín Hirst**
alþingismaður

Marta Andreasen, Evrópuþingmaður breska Íhaldsflokksins, heimsótti Ísland nýlega. Marta varð víðfræg þegar hún var rekin úr toppstöðu sem fjármálastjóri framkvæmdastjórnar ESB fyrir nokkrum árum þegar hún neitaði að skrifa upp reikninga sambandsins. Henni blöskraði hvernig farið var með almannafé og þær aðferðir sem menn notuðu til að fegra myndina. Í því sambandi rifjaði hún upp að reikningar ESB hefðu ekki verið samþykktir síðastliðin 18 ár, því enginn endurskoðandi treysti sér til þess skrifa upp á þá.

Mér hreinlega krossbrá þegar ég hlustaði á Evrópuþingmanninn ræða þessa hluti. Sjálf er ég á móti því að Ísland gangi í ESB en lýsingar Andreasen á sambandinu og vinnubrögðum þess við meðferð fjármuna skattgreiðenda eru með ólíkindum. Marta fullyrðir til að mynda að embættismannakerfið innan ESB sé gjörspillt og enginn viti í raun hvað verði um alla þá peninga sem um hendur þess fara.

Eftir að Andreasen var rekin úr starfi sínu hjá framkvæmdastjórn ESB bauð hún sig fram til setu á Evrópuþinginu. Hún er eindregið þeirrar skoðunar að Bretar eigi að yfirgefa ESB, en það eru hins vegar mörg ljón á veginum. Marta segir auðvelt fyrir lönd eins og Ísland að fá inngöngu í ESB en erfitt og nær ómögulegt að yfirgefa sambandið. Íslendingar séu í raun afar heppnir að hafa aldrei villst inn í ESB.

**➜ Andreasen segir ríkisstjórn Íslands hafa gert hárrétt með því að hætta aðildarviðræðum...**

Í Bretlandi er allt regluverk sniðið eftir forskrift ESB og allir viðskipta- og milliríkjasamningar Breta tengjast ESB-aðildinni. Þá vinnu verði að fara í alveg upp á nýtt og muni taka Breta mörg ár, komi til þess að þeir hverfi úr sambandinu.

Innan breska Íhaldsflokksins eru skiptar skoðanir um Bretland og ESB. David Cameron forsætisráðherra vill ekki yfirgefa sambandið, en vaxandi stuðningur er hins vegar innan flokksins við að segja bless við ESB, sem og meðal breskra kjósenda.

Andreasen segir ríkisstjórn Íslands hafa gert hárrétt með því að hætta aðildarviðræðunum og hætta að þiggja styrki ESB í leiðinni. Hún varar Íslendinga hins vegar við að ESB muni reyna allt sem það getur til að fá Ísland inn í sambandið. ESB hafi yfir gríðarlegum fjármunum að ráða sem það muni nota óspart í áróðri sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Byggjum sæstreng til Bretlands

ORKUMÁL



Jón Steinsson
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

➜ Öll hin árin, þegar vatnsbúskapur Landsvirkjunar er betri, flæðir umtalsvert vatn framhjá núverandi virkjunum óbeislað. Verðmætin sem þannig fara forgörðum skipta tugum milljarða.

Ein mikilvægasta spurning sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir frá efnahagslegu tilliti á næstu árum er hvernig við kjósum að nýta orkuauðlindir þjóðarinnar. Heimsmarkaðsverð á orku hefur hækkað verulega á síðustu árum og þá sérstaklega verð á endurnýjanlegri orku eins og þeirri sem við höfum upp á að bjóða. Þessi þróun hefur gert það að verkum að orkuauðlindir þjóðarinnar eru margfalt verðmætari en þær voru fyrir áratug.

Í þessu sambandi er mikilvægt að ríki Evrópusambandsins hafa sett sér markmið um stóraukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Til þess að ná þessum markmiðum stefna Bretar meðal annars að því að byggja risavaxin vindorkubú á hafi úti með ærnum tilkostnaði. Yfirvöld í Bretlandi hafa nýlega tilkynnt að þau séu tilbúin að gera 15 ára samninga um kaup á orku frá aðilum sem byggja slík vindorkuver. Verðið sem bresk yfirvöld eru tilbúin að greiða er 135 sterlingspund fyrir hverja MWstund (u.þ.b. 200 Bandaríkjadali á MWstund). Til samanburðar greiða álverin á Íslandi um 30 dali fyrir hverja MWstund að meðaltali.

**Fjárhagslegur ávinningur af sæstreng**

Í þessu ljósi er athyglisvert að slá á hugsanlegan fjárhagslegan ávinning okkar Íslendinga af því að byggja sæstreng til Bretlands. Þær virkjanir sem líklegast yrði ráðist í á Íslandi ef sæstrengur væri byggður þyrftu að fá um 40 dali á MWstund til þess að standa undir sér. Þá þyrfti rekstrarfélag strengsins að fá um 40 dali á MWstund til þess að sú fjárfesting stæði undir sér. Ef við gefum okkur varfærnislega að Bretar væru tilbúnir að kaupa orkuna af okkur á 150 dali á MWstund (þ.e. 50 dölum minna en þeir kaupa vindorkuna á) væri hreinn hagnaður – þ.e. arður umfram eðlilega ávöxtun á það fé sem leggja þyrfti í verkefnið – um 70 dalir á MWstund.

Þær hugmyndir sem Landsvirkjun hefur lagt fram um byggingu sæstrengs gera ráð fyrir streng sem væri 700-1.000 MW. Ef við gefum okkur varfærnislega að við seldum árlega 5 TWstundir um strenginn (u.þ.b. 65% nýting) gæti hreinn hagnaður okkar af verkefninu verið um 42 ma. kr. ár hvert. Það gera 525.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu ár hvert. Það munar um minna.

**Þarf að virkja Dettifoss?**

Nei, langt því frá. Stór hluti þeirrar orku sem við myndum selja um strenginn – líklega 30-40% – er umframorka sem nú þegar er til staðar. Þar sem álver eyðileggjast ef slökkt er á þeim í meira en örfáar klukkustundir hefur Landsvirkjun þurft að byggja virkjanir sem eru nægilega stórar til þess að geta annað orkuþörf álveranna jafnvel á versta tíma í afleitu vatnsári. Öll hin árin, þegar vatnsbúskapur Landsvirkjunar er betri, flæðir umtalsvert vatn framhjá núverandi virkjunum óbeislað. Verðmætin sem þannig fara forgörðum skipta tugum milljarða. Með sæstreng væri unnt að selja þessa umframorku með mjög litlum tilkostnaði.

Líklega þyrfti því einungis að virkja fyrir um 3 TWstundum á ári ef ráðist væri í byggingu sæstrengs. (Núverandi framleiðsla Landsvirkjunar er tæpar 13 TWstundir á ári.) Þeir virkjunarkostir sem rætt hefur verið um í neðri hluta Þjórsár myndu til dæmis fara langleiðina með að mæta þessari orkuþörf. En margir aðrir fýsilegir virkjunarkostir eru mögulegir.

**En hvað með öll störfin sem ekki skapast?**

Það er rétt að ef 5 TWstundir eru seldar til Bretlands um sæstreng er ekki unnt að selja þessar sömu 5 TWstundir í álver sem skapa myndi nokkur hundruð störf á Íslandi. En á móti kemur að hagnaðurinn af sölu orkunnar um sæstreng væri líklega 42 ma. kr. meiri árlega. Þá þarf að velta fyrir sér hvað unnt er að skapa mörg störf með 42 ma. kr. árlega. Það væri til dæmis unnt að byggja hátæknisjúkrahús annað hvert ár. Eða lækka skatta umtalsvert og þannig kynda undir hagkerfinu og skapa störf. Eða senda hverju mannsbarni á landinu árlega ávísun upp á um 130.000 kr. Slíkt myndi kynda undir neyslu og þannig skapa umtalsverðan fjölda starfa. Mér er til efs að bygging álvera skapi fleiri störf en sala orku um sæstreng með 42 ma. kr. árlegum hagnaði.

Það að selja orku úr landi um sæstreng er ekki ósvipað því að selja olíu úr landi með flutningaskipi. Norðmenn gætu tekið þann pól í hæðina að þeir vildu ekki selja olíuna sem þeir framleiða úr landi þar sem iðnaðurinn sem notað gæti olíuna í Noregi myndi skapa störf. Það gera Norðmenn ekki og fyrir vikið fá þeir mjög hátt verð fyrir olíuna, sem gerir þá svo efnaða að ódýra vinnuaflið í Noregi kemur frá Svíþjóð (og Íslandi). Ég held við ættum að taka Norðmenn okkur til fyrirmyndar og hirða sem mestan arð af orkuauðlindum okkar og láta þá velmegun sem arðurinn skapar um að skapa störf.

**Rafmagnsverð til almennings**

Tenging íslenska rafmagnskerfisins við Evrópu myndi að öllum líkindum hækka verð á rafmagni innanlands. Hvað flest heimili varðar yrði slík hækkun líklegast óveruleg. Stór hluti verðs á raforku til heimila á Íslandi ræðst af flutningskostnaði sem ekki myndi breytast. Spurningin fyrir fjögurra manna fjölskyldu varðandi raforkuverð er þessi: Ertu tilbúin að borga kringum 1.500 kr. á mánuði aukalega fyrir rafmagn til þess að fá í staðinn árlega ávísun upp á 525.000 kr.?

En hvað með grænmetisbændur? Þeir geta ekki staðið undir hærra orkuverði. En það mætti tryggja rekstrarumhverfi þeirra með því að gera 25 ára (eða þess vegna 50 ára) samning um núverandi orkuverð (verðtryggt) og þannig hlífa þeim algerlega fyrir áhrifum sæstrengsins á innlent orkuverð.

**Mikilvægt að sannreyna áhuga Breta**

Það er lykilatriði ef ráðist verður í byggingu sæstrengs að gerður verði langtímasamningur við yfirvöld í Bretlandi um kaup á umtalsverðum hluta þeirrar orku sem strengurinn gæti flutt á verði sem myndi tryggja viðunandi arð af verkefninu. Af fréttum að dæma eru Bretar afskaplega áhugasamir um slíkan samning. En það er mikilvægt að sannreyna tölurnar sem um ræðir. Það verður einungis gert með viðræðum við Breta. Hefjum þær viðræður sem fyrst.

TÓNLISTARSKÓLI FÍH
auglýsir



Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

Getum tekið inn nemendur í örfá laus pláss nú þegar á eftirfarandi hljóðfæri:
Klassiskt píanó. Klassískan gítar. Saxafón. Slagverk og rafbassa.
Þá eru nokkur pláss laus í grunnnámi í söng.

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins þar sem kennd er hefðbundin tónlist (sígild tónlist) og rythmiskri tónlist ( djass, popp, rokk,) Tónlistarskóli FÍH býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð og um leið gerir skólinn kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu.

Áhugasamir hafið samband við skrifstofu skólans í síma 588 8956 eða sendið fyrirspurn á julia@fih.is

Veldu hraðþvott eða orkusparnað. Og alltaf tandurhreinan þvott.

Veldu Bosch þvottavél með VarioPerfect.



Tilboð: 119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín.

VarioPerfect: Hægt að stytta tímann eða spara orku á þvottakerfum án þess að það komi niður á þvottahæfni.

Þú uppskerð allt að 60% tímasparnað eða 20% orkusparnað með því að nota VarioPerfect-aðgerðina. Með sama góða árangrinum: Tandurhreinum þvotti.

WAE 28271SN

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16

Bosch, mest seldu heimilistækin í Evrópu.

Green Technology inside

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# ADHD og einelti

SAMFÉLAG



**Björk Þórarinsdóttir**
formaður ADHD samtakanna

Nýlega birtist frétt um ungan dreng með ADHD sem vill ekki lifa lengur vegna þess gífurlega eineltis sem hann hefur orðið fyrir síðan hann hóf skólagöngu sína fyrir tveimur árum. Já, við erum að tala um lítinn átta ára dreng sem langar til þess að verða engill, því þá muni loks einhverjir vilja leika við hann. Þessi saga er ekki einsdæmi, það þekkjum við hjá ADHD samtökunum. Til samtakanna leitar á hverju ári fjöldi foreldra vegna erfiðleika í skóla, eineltis og félagslegrar einangrunar barna sinna.

En hvað gerir það að verkum að börn með ADHD eru oftar útsett fyrir einelti og hvernig getum við brugðist við? Því meira sem við vitum um röskunina og hinar ýmsu birtingarmyndir hennar, þeim mun betur erum við í stakk búin til þess að skilja einstaklinga með ADHD og koma í veg fyrir óæskilegar aðstæður, þar sem þeir geta orðið fyrir einelti. Lengi vel var því haldið fram að börn með ADHD væru bara óþekk, skorti aga og um væri að kenna lélegu uppeldi foreldra og almennri leti þeirra til þess að takast á við foreldrahlutverkið.

Sem betur fer hefur þetta breyst. Nú vita flestir að ADHD er taugaþroskaröskun í heila, sem stafar af truflun á boðefnum í stjórnstöð heilans. Helstu einkenni ADHD eru athyglisbrestur, ofvirkni og hvatvísi.

### Mismunandi birtingarmyndir

Fáir þekkja hins vegar hinar mismunandi birtingarmyndir ADHD, en skynúrvinnsla barna með ADHD er að mörgu leyti öðruvísi en annarra barna. Þau upplifa hávaða, snertingu og truflanir í umhverfinu oft á annan og sterkari hátt og því geta viðbrögð þeirra oft orðið mjög ýkt og sjaldnar í samræmi við það sem við teljum „eðlilegt“ miðað við aðstæður.

Þá eiga börn með ADHD erfitt með að lesa í félagslegar aðstæður. Þau eiga því til að ryðjast inn í leik annarra og eiga erfitt með að bíða eftir að röðin komi að sér.

**➜ Við sem samfélag berum líka ábyrgð á því að fræða börnin okkar...**

Ekki má heldur gleyma því hve börn með ADHD eru oft innileg, ástríðufull og hvatvís og geta þannig stundum stuðað hin börnin í hópnum. Þar getur samhent starfsfólk skóla oft gert kraftaverk með því að lesa í aðstæður og aðstoða börn við að koma þeim af stað í leik með öðrum börnum, þróa með þeim félagsfærni og styrkja barnið þegar það sýnir æskilega hegðun með jákvæðni og hrósi. Jákvæður bekkjarandi, þar sem lögð er áhersla á að börnin séu bekkjarsystkini og alið á samkennd og væntumþykju, getur líka haft víðtæk áhrif utan skólastofunnar.

Við sem samfélag berum líka ábyrgð á því að fræða börnin okkar um fjölbreytileika mannlífsins, virðingu og tillitsemi. Að einelti og útilokun eða útskúfun einstaklings sé ekki valkostur eða eins og við segjum við börnin okkar þegar þau eru lítil „ÞAÐ ER EKKI Í BOÐI“. Gamli frasinn sem segir að það þurfi þorp til þess að ala upp barn á svo sannarlega enn við í dag.


Tökum til á lagernum

15-50% stgr. afsláttur





Einungis í tvo daga: 4. og 5. september frá kl. 10:00-18:00

LIEBHERR GE elica COLLECTION Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Villta vestrið á leigumarkaði

HÚSNÆÐI



**Pétur Ólafsson**
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi

Íslenskur leigumarkaður er rústir einar. Verðið er uppsprengt og réttur leigjenda í besta falli óljós. Óvissan sem fylgir því að þurfa að yfirgefa húsnæði sitt með nokkurra vikna til nokkurra mánaða fyrirvara er afar mikil og er í ósamræmi við til að mynda réttindi húseigenda. Lítið framboð og mikil eftirspurn eftir leiguíbúðum hefur hækkað leiguverð fram úr öllu hófi en talið er að um 2000 leiguíbúðir vanti til að anna þeirri eftirspurn. Sumir leigjendur eru heppnir en aðrir eru óheppnir. Sem aftur þýðir að ekki er setið við sama borð. Hið opinbera getur heilmikið gert í málum leigjenda og hefur til þess ógrynni verkfæra. Með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga væri hægt að stórbæta stöðu leigjenda með því að auka réttindi þeirra og skyldur.

### Hvað er til ráða?

Gott og vel. En hvað geta sveitarfélögin gert? Þau geta til að mynda markað sér stefnu að útvega lóðir og lönd til að leiguíbúðir rísi. Þannig gæti sveitarfélagið orðið hluti af byggingafélagi eða leigufélagi og nýtt styrk sinn innan bæjarmarka viðkomandi sveitarfélags. Reykjavíkurborg hefur nú þegar sett fram metnaðarfulla áætlun í þessum efnum en í Kópavogi, næststærsta sveitarfélagi landsins, ómar eftirspurnin um allt og virðist sem hugmyndafræði eða ósamstaða innan meirihlutans komi í veg fyrir aðgerðir.

### Ekkert er gert í Kópavogi

Í Kópavogi hefur í stuttu máli ekkert verið gert fyrir leigjendur. Fyrri meirihluti var langt kominn með metnaðarfulla áætlun í málefnum leigjenda, m.a. með stofnun leigufélags. Útreikningar um að slíkan rekstur myndi standa undir sér liggja fyrir en slíkt verkefni strax eftir hrun hefði hjálpað mikið til að létta á þeim þrýstingi eftirspurnar á byggingu íbúða sem henta litlum fjölskyldum og einstaklingum sem eru að koma undir sig fótunum. Fjölbreytni í valkostum á húsnæði er hluti af nútímasamfélagi, hvort sem um er að ræða eign, leigu eða búseturétt. Það er því afar óheppilegt að stórt bæjarfélag eins og Kópavogur hafi í kjölfar meirihlutaskipta tekið meðvitaða ákvörðun um að gera ekkert fyrir leigjendur. Það er dapurlegt að hægrisinnaður meirihluti sem nú fer með stjórn Kópavogs vilji af prinsippástæðum ekki að hið opinbera komi að því að byggja upp traustan langtíma leigumarkað. Oddviti meirihlutans hefur ítrekað bent á að verja þurfi hagsmuni leigusala og aðkoma hins opinbera myndi mögulega vega að samkeppnisstöðu á leigumarkaði með lækkun leiguverðs. Á sama tíma og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, lýsir yfir vilja ráðuneytis síns til að vera gerandi á leigumarkaði heyrist ekkert frá meirihlutanum í Kópavogi. Verkfæri bæjarfélagsins eru til staðar á sama tíma og ekkert er gert til aðstoðar þeim mikla fjölda bæjarbúa sem vill búa í leiguhúsnæði. Eru stjórnmálamenn í Kópavogi virkilega að standa vaktina fyrir stóreignamenn frekar en leigjendur?

**➜ Eru stjórnmálamenn í Kópavogi virkilega að standa vaktina fyrir stóreignamenn...**

# Sjálfskaparvíti Háskólans

STUNDAKENNARAR



**Stefán Pálsson**
fv. formaður Hagstundar

Í fréttum Ríkisútvarpsins mánudaginn 2. september baðst rektor Háskóla Íslands afsökunar á þeim óþægindum sem afturkölluð ráðning stundakennara við skólann kynni að hafa valdið. Að sögn rektors hefur komið í ljós í málinu að verklagsreglur skólans varðandi ráðningu stundakennara hafi ekki verið nægilega skýrar og að þær verði endurskoðaðar á næstu dögum. Vegna þessarar miklu uppgötvunar er vert að rifja upp nokkur söguleg atriði.

Í lok árs 2009 stofnuðu stundakennarar við Háskólann með sér félagið Hagstund. Ástæðan var sár óánægja með kjör hópsins, en jafnframt var ætlunin að þrýsta á um hvers kyns umbætur varðandi réttindamál. Næstu misserin sendi félagið stjórnendum Háskólans ýmis erindi og átti marga fundi með stjórnsýslunni. Meðal þess sem sérstök áhersla var lögð á var að bæta þyrfti ráðningamálin – þar sem ekki væri hægt að tala um eiginlegan ráðningarsamning, engin tilraun væri gerð til að skilgreina réttindi og skyldur stundakennara og að mikið misræmi væri milli einstakra deilda skólans í þessum efnum.

### Kvartað til Umboðsmanns

Þótt Háskólinn segðist sýna umkvörtunum félagsins mikinn skilning bólaði ekkert á úrbótum og fór svo að lokum að Hagstund kvartaði til Umboðsmanns Alþingis á árinu 2012. Umboðsmaður sendi HÍ í kjölfarið ítarlegar spurningar um hvernig ráðningarmálum stundakennara væri háttað. Í svari skólans í september á síðasta ári, sem undirritað var af rektor, kom glögglega í ljós í hvílíkum ólestri málin væru og vinnubrögð mismunandi milli deilda.

Í júní í fyrra sendu Hagstund, BHM og Félag háskólakennara sameiginlegt erindi til Háskólans þar sem óskað var eftir stofnun samráðsnefndar um málefni stundakennara og réttindi þeirra. Ellefu mánuðum síðar, að undangengnum áréttingum, meðal annars með opnu bréfi í Fréttablaðinu og að lokum fyrirspurn frá Umboðsmanni Alþingis um gang mála, barst svar Háskólans. Það var á þá leið að skólinn væri í sjálfu sér hlynntur því að myndaður yrði starfshópur en að réttast væri að fjármálaráðuneytið stæði fyrir slíku.

Það er því kátlegt að fylgjast nú með undrun stjórnenda HÍ yfir því að ráðningamál stundakennara við stofnunina séu í molum. Erfitt er að hafa samúð með Háskólanum í þessu máli, enda hefur hann meðvitað ýtt því á undan sér. Vonandi verður uppákoma liðinna daga þó til þess að stofnuninni skiljist loksins að það er alveg hagur að skýra með fullnægjandi hætti réttindi og skyldur stundakennara.

**➜ Erfitt er að hafa samúð með Háskólanum í þessu máli, enda hefur hann meðvitað ýtt því á undan sér.**

NÝJA LED SMART TV 8000 LÍNAN FRÁ SAMSUNG
Stærðir: 40"· 46"· 55"· 65" og 75"

SAMSUNG




EISA AWARD
Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

# Glæsilegt verðlaunatæki

SJÓNVÖRPIN FRÁ SAMSUNG ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI ENDA MARG VERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN FYRIR TÆKNILEGA YFIRBURÐI OG HÖNNUN

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**KRISTJANA HJARTARDÓTTIR**
**Hlíf II, Ísafirði, áður**
**Skólavegi 9, Hnífsdal,**

verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 7. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Úlfs Gunnarssonar, fyrrverandi yfirlæknis FSÍ.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Karl Sigurðsson.**



Eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTINN ERLENDSSON**
**Úlfsey, Austur-Landeyjum,**

lést mánudaginn 2. september á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ásta Guðmundsdóttir**
**Haraldur Kristinsson**
**Brynja Kristinsdóttir**
**Garðar Kristinsson**
**barnabörn og tengdabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐRÚN MARGRÉT SÖLVADÓTTIR**
**frá Efri-Miðvík í Aðalvík,**
**áður til heimilis að Álftamýri 38,**

lést á heimili sínu Norðurbrún 1 fimmtudaginn 29. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 5. september kl. 13.00.

**Marta Lunddal Friðriksdóttir** **Gestur Halldórsson**
**Ásta Lunddal Friðriksdóttir** **Eðvarð Björgvinsson**
**Gunnar Lunddal Friðriksson** **Helena Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, dóttir, amma og systir,

**SIGRÚN ERLA VILHJÁLMSDÓTTIR**
**Birkihlíð 18, Sauðárkróki,**

sem lést 26. ágúst síðastliðinn verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 7. september kl. 14.00.

**Hallgrímur Þór Ingólfsson**
**Hákon Hallgrímsson** **Hrefna Guðmundsdóttir**
**Unnur Hallgrímsdóttir**
**Þór Hallgrímsson** **Sandra Heimisdóttir**
**Ásta Kristjánsdóttir** **Hákon Torfason**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT BIRNA VALDIMARSDÓTTIR**
**Kirkjuvegi 5, Keflavík,**

lést á heimili sínu föstudaginn 30. ágúst.
Útförin verður frá Njarðvíkurkirkju (Innri-Njarðvík) föstudaginn 6. september kl. 15.00.

**Valdimar Örn Valsson** **Snjólaug Kristín Jakobsdóttir**
**Margrét Birna Valdimarsdóttir** **Páll Axel Vilbergsson**
**Snædís Anna Valdimarsdóttir**
**Valdís Lind Valdimarsdóttir**
**og barnabarnabörn.**


**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is




Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA JÓNSDÓTTIR**
**Álftamýri 48, Reykjavík**
**(áður búsett á Flateyri),**

lést þriðjudaginn 27. ágúst. Jarðsett verður frá Þorlákskirkju föstudaginn 6. september kl. 13.00.

**Jón H. Sigurmundsson** **Ásta Júlía Jónsdóttir**
**Ingibjörg Sigurmundsdóttir**
**Elín Sigurmundsdóttir** **Jan Almkvist**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna veikinda, andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RUTAR MAGNÚSDÓTTUR**
**organista og húsmóður á**
**Sólvangi í Eyrarbakkahreppi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs, HSu og sjúkraflutningamanna fyrir frábæra umönnun og viðmót.

**Nils Ólafsson**
**Lisbet Nilsdóttir** **Ragnar Gíslason**
**Ólafur Nilsson**
**Linda Rut Ragnarsdóttir** **Eyþór Björnsson**
**Gísli Einar Ragnarsson**
**Jóna Þórunn Ragnarsdóttir**
**Karítas Birna, Ævar Kári og Aníta Ýrr.**



Ástkær eiginkona, móðir
tengdamóðir og amma,

**ANNA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR**
**Seljabraut 78, Reykjavík,**

sem lést sunnudaginn 1. september, verður jarðsunginn frá Hjallakirkju föstudaginn 6. september kl. 15.00.

**Eiríkur Haraldsson**
**Pétur Eiríksson** **Amy Schimmelman**
**Haraldur Eiríksson** **Ingigerður Guðmundsóttir**
**Guðrún Eiríksdóttir** **Hreiðar S. Marinósson**
**og barnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**STEINN EYJÓLFUR GUNNARSSON**
**Eyjabakka 12, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 27. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. september kl. 15.

**Kristbjörg Áslaugsdóttir**
**Friðbjörn Arnar Steinsson** **Halldís Hallsdóttir**
**Björgvin Þór Steinsson** **Sigrún Anný Jónasdóttir**
**Svana Steinsdóttir** **Sigurður Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**PÁLMEY HJÁLMARSDÓTTIR**
**Skálateigi 1, Akureyri,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 1. september.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. september kl. 13.30.

**Hjálmar Hauksson** **Gyða Björk Aradóttir**
**Lilja Björg Jones-Hauksdóttir** **Mark Alan Jones**
**Birgir Hauksson** **Hlín Garðarsdóttir**
**Hólmfríður María Hauksdóttir** **Arnar Eyfjörð Helgason**
**og barnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR TORFADÓTTIR**

lést á Landspítalanum þann 1. september síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 11. september klukkan 13.00.

**Sigurður Kr. Finnsson**
**Stefán Torfi Sigurðsson** **Sigurey Valdís Eiríksdóttir**
**Finnur Sigurðsson** **Hildigunnur Friðriksdóttir**
**Ármann Viðar Sigurðsson** **Elín Sigríður Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**FRÆNKAN OG FORELDRARNIR** „Amma lagði rauða kjólnum eftir að afi dó,“ segir Guðrún Atladóttir um myndina sem hún á á sýningunni í Gerðarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gerði allt af ástríðu

**Málverk Jóhönnu Kristínar eru til sýnis í Gerðarsafni í Kópavogi. Jóhanna lést aðeins 37 ára en hefði orðið sextug á árinu.**

„Stína frænka var afskaplega ljúf og indæl kona. Hún var dramadrottning, gerði mikið úr hlutunum og hafði sterka tilfinningu fyrir öllu sem var að gerast.“ Þetta segir Guðrún Atladóttir, innanhússarkitekt og MA í menningarmiðlun, um föðursystur sína, Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur Hraunfjörð listmálara. Sýning á verkum Jóhönnu Kristínar var opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi síðasta laugardag og þar er heimildarmynd eftir Guðrúnu Atladóttur til sýnis.

„Lokaverkefnið mitt í mastersnáminu var heimildarmynd um líf og listsköpun Stínu frænku minnar. Mér fannst hún of löng til að hafa á safninu og ég bjó því til aðra sem er bara um listsköpun hennar og heitir Minningin er blá. Það eru hennar orð sem hún skrifaði í bréfi. Lengri myndin heitir Svartur er litur gleðinnar og sá titill kom til af því að Bragi Ásgeirsson listmálari kenndi henni og gerði athugasemdir við að hún málaði svo mikið í svörtum litum. Svo kom hann eitt sinn til hennar og sagði við hana: „Þetta er allt í lagi, Stína mín, svartur er litur gleðinnar í Japan.“

Guðrún segir Jóhönnu Kristínu oft hafa verið alvörugefna. „En hún gat líka verið kát,“ tekur hún fram. „Hún gerði allt af svo mikilli ástríðu, alveg eins og málverkin hennar sýna. Hló af ástríðu og grét af ástríðu.“

Jóhanna Kristín barðist við heilsuleysi. „Stína fékk slæma lungnabólgu þegar hún var tvítug og fékk astma upp frá því,“ lýsir Guðrún. „Hún lá á Vífilsstöðum í mars 1991 og átti helst ekki að fá helgarleyfi en þvingaði það fram og það endaði með því að hún fékk svo slæmt astmakast að hún lifði það ekki af.“

Guðrún er svo heppin að eiga myndina Foreldrarnir eftir þessa frænku sína. Sú mynd var á fyrstu einkasýningu listakonunnar árið 1983 og er líka í Gerðarsafni. „Myndin er af foreldrum Stínu, ömmu minni og afa. Litli bróðir hennar Stínu átti þessa mynd og hann var blankur en aldrei þessu vant átti ég peninga inni á bankabók, keypti myndina og er rosalega ánægð með hana, því ég finn svo fyrir nálægðinni við ömmu mína og Stínu. Myndin sýnir dansandi konu í rauðum kjól, þannig var amma, létt og kát þangað til afi lést skyndilega. Afi er málaður dökkum litum á myndinni enda var hann alvörugefinn maður. Amma lagði rauða kjólnum eftir að hann dó.“

gun@frettabladid.is



Bróðir okkar,

**GUÐJÓN JÓNSSON**
**frá Fagurhólsmýri,**

lést laugardaginn 31. ágúst.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Þuríður Jónsdóttir**
**Sigurgeir Jónsson**
**Sigríður Jónsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**MARSELÍA S. GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Skólabraut 29, Akranesi,**

lést á Dvalarheimilinu Höfða miðvikudaginn 28. ágúst síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 6. september kl. 14.00.

**Inga Jóna Þórðardóttir**
**Geir H. Haarde**
**Herdís Þórðardóttir**
**Jóhannes Ólafsson**
**Guðjón Þórðarson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## BÖRN Á FERÐALAGI

**Flugfélagið Lufthansa léttir barnafjölskyldum lífið með því að opna sérstök innritunarborð sem eru aðeins ætluð þeim sem ferðast með börn, tólf ára og yngri. Sniðug lausn sem gaman væri að sjá víðar.**












# 130 GLAÐIR BIRNIR

**BJARNASKEMMTUN** *Hátíðin Bears on Ice stendur frá fimmtudegi fram á sunnudag. Þar munu 130 karlmannlegir, hárprúðir og glaðlegir hommar af öllum stærðum og gerðum og frá ýmsum löndum skemmta sér saman.*

Bears on Ice-hátíðin er nú haldin í níunda sinn, en hún hefur verið haldin árlega á Íslandi frá árinu 2005. Frosti Jónsson hefur komið að skipulagningu hennar frá upphafi.

„Þetta byrjaði með því að breskir vinir mínir hringdu og spurðu hvort ekki væri góð hugmynd að koma til Íslands eina helgi og halda partí. Ég tók hugmyndina aðeins lengra og bjó þá til viðburðinn Bears on Ice, þriggja daga hátíð sem var sambland af skemmtun og skoðunarferðum,“ segir Frosti.

Viðburðurinn hefur mælst mjög vel fyrir, enda sést það á fjölgun bjarnanna sem hingað koma. „Fyrsta árið slefaði fjöldinn í tuttugu manns. Í fyrra mættu um sjötíu en í ár verða birnirnir í kringum 130,“ upplýsir Frosti en tekur fram að ekkert kappsmál sé að búa til sem stærsta hátíð. „Þetta snýst meira um gæði en magn. Við viljum búa til afslappað og vinalegt umhverfi og andrúmsloft þar sem öllum líður vel.“

En hvað eru birnir? „Birnir hafa verið skilgreindir sem hommar sem eru yfir meðallagi í þyngd, oft loðnir og stundum skeggjaðir. Hins vegar snýst þetta ekki bara um útlit heldur mikið fremur hugarfar,“ útskýrir Frosti. „Bangsasenan gengur út á að allir eru velkomnir alveg óháð því hvernig þeir líta út, hvort þeir eru stórir, smáir, loðnir, feitir eða mjóir.“

Hátíðin hefur lítið verið auglýst en hróður hennar spurst út, mann frá manni, víða um lönd. Í ár koma gestir frá fjölmörgum löndum, meðal annars Kanada, Bandaríkjunum, Írlandi, Bretlandi, Þýskalandi, Norðurlöndunum og öðrum Evrópulöndum. „Þeir sem koma lengst að koma frá Ástralíu,“ segir Frosti.

Birnirnir eru væntanlegir til landsins á morgun og hefst dagskráin með opnunarpartíi. „Á föstudaginn förum við Gullna hringinn og um kvöldið er partí. Bláa lónið verður heimsótt á laugardag og um kvöldið er strákaball,“ segir Frosti, en ferðinni lýkur með kveðjudögurði á sunnudeginum.

Frosti segir mikinn vinskap myndast milli gesta hátíðarinnar. „Þetta er orðin ein stór fjölskylda og margir halda sambandi eftir að hátíðinni lýkur,“ segir hann og bætir við að sumir komi aftur og aftur. „Í ár eru einir þrír eða fjórir sem eru að koma í fjórða sinn,“ segir hann glaðlega.

Gróðasjónarmið eru skipuleggjendum víðsfjarri. „Þetta er allt unnið í sjálfboðavinnu. Við höfum þó notað tækifærið í gegnum tíðina að styrkja starf Samtakanna ‘78 með einum eða öðrum hætti og í ár verður strákaballið á Harlem á laugardagskvöldinu styrktardansleikur fyrir Samtökin.“

■ solveig@365.is

**GÓÐUR HÓPUR Á ÞINGVÖLLUM** Gestum hátíðarinnar Bears on Ice hefur fjölgað ár frá ári. Árið 2005 voru þeir 20 en í ár er von á um 130 björnum frá fjölmörgum löndum. MYND/BEARS ON ICE



**SKIPULEGGJANDI** Frosti Jónsson hefur komið að skipulagningu hátíðarinnar frá upphafi. MYN/DGVA








TÁLGAR OG SKER Nánar má forvitnast um verk Láru á www.smavinir.is. MYND/LÁRA GUNNARSDÓTTIR

# NOTAR EINUNGIS ÍSLENSKAN VIÐ

**HÖNNUN** *Lára Gunnarsdóttir tálgar muni úr íslensku lerki og birki. Nú stendur yfir sýning hennar Hannað í tré á Skörinni í Aðalstræti 10.*

Yfirleitt vinn ég ekki nytjahluti en í þetta sinn sýni ég skálar. Ég vinn eingöngu í tré, annaðhvort birki eða lerki, alltaf íslenskan við,“ segir Lára Gunnarsdóttir myndlistarmaður.

Lára opnaði sýninguna Hannað í tré á Skörinni um liðna helgi. Sýningin er hluti af sýningaröðinni Matur er manns gaman, sem stendur yfir í Gallerý Leir 7 á Stykkishólmi.

Lára tálgar skálarnar út í höndunum og olíuber þær með matvænni olíu. Hún segir gott að tálga úr birkinu, það sé hart og hafi fallegan hljóm.

„Það klingir fallega þegar skálunum er slegið saman, birkið hefur ekki holan hljóm. Margir nota léttan við sem auðvelt er að tálga úr en mér finnst íslenska birkið rétta efnið til að vinna úr. En það þarf beittari áhöld og meira átak. Eins miðast stærð skálanna við stærð íslensku trjánna svo þær eru ekki stórar. En það má fella fleiri borð saman til að búa til stærri hluti. Það eru ekki margir að vinna úr íslensku birki, það nennir þessu kannski enginn nema ég,“ segir Lára hlæjandi.



„Þó er að aukast að smíðað sé úr íslensku lerki, enda er lerkið fínn smíðaviður. Það er með innbyggðri viðarvörn svo í raun þarf ekki að bera á það. Ég held að íslenska birkið verði vinsælt, til dæmis í útihúsgögn.“

Sýning Láru stendur til 23. september. Nánar má forvitnast um verk Láru á vefsíðunni, www.smavinir.is. ■ **heida@365.is**

**GÓÐUR SMÍÐAVIÐUR** Lára vinnur eingöngu úr íslensku lerki og birki. Stærð skálanna miðast við stærð íslensku trjánna.



**SKÁLAR** Sýning Láru Gunnarsdóttur myndlistarmanns, Hannað í tré, stendur yfir á Skörinni til 23. september. MYND/GVA

# HEIMSINS BESTA FERÐAFÓLK

**Sumir gestir eru velkomnari en aðrir eins og sjá má á nýlegum lista yfir tíu bestu ferðamannaþjóðir heims. Þær eiga sameiginlegt að vera hvorki uppivöðslusamar, ókurteisar né óskiljanlegar á heimsflakki sínu.**

- Kanadabúar þykja einstaklega kurteisir, heiðarlegir og einlægir ferðalangar. Þú þekkir þá úr vegna kanadíska fánans sem prýðir farangur þeirra og fatnað.
- Englendingar tala góða ensku og vinskapur þeirra endist ævilangt sé þeim boðinn bjór. Þeir eru auðþekkjanlegir vegna náföls litarhafts sökum sólarleysi í heimalandinu.
- Kínverjar eru vel undirbúnir ferðalangar, tilbúnir í að prófa hvaðeina úr eldhúsi gesta sinna og óspairir á eyðslufé. Þeir þekkjast úr þegar þeir ferðast í hópum með fararstjóra sér við hönd.
- Ástralir þykja með eindæmum geðprútt og afslappað ferðafólk. Þeir þekkjast af sumarléttum ferðaklæðnaði og sandölum, sama hvernig viðrar.
- Ítalir kunna öðrum þjóðum betur að lifa lífinu með stæl, gera vel við sig og skemmta sér. Þeir þekkjast af fínni merkjavöru og fara ekki einu sinni ótilhafðir út með ruslið.
- Japanir eru ævintýragjarnir á ferðalögum. Þú þekkir þá úr vegna myndavéla og annars tæknibúnaðar sem alltaf er á lofti.



**FERÐAMENN VIÐ SKAFTAFELLSJÖKUL** MYND/GVA

- Svíar eru stundum nefndir Kaliforníubúar Evrópu. Þeir eru kurteisir, sólbrúnir og með flottan kropp en stundum dálítið stífir og þráir. Þeir eru hávaxnir og þekkjast vegna ljósa hársins, heilbrigðs útlits og yfirvegunar.
- Bandaríkjamenn eru áhugasamir ferðamenn, næmir fyrir hvers kyns menningu og gefa þjórfé fyrir allt og ekkert. Þeir þekkjast vegna klæðaburðarins og margir klæðast eins og atvinnugolfarar á ferðalögum.
- Þjóðverjar eru útivistarfólk af Guðs náð og forvitnir um menningu annarra þjóða. Þeir eru sannir heimsborgarar, kurteisir, vinalegir og snjallir.
- Chilebúar fæðast með flökkueðli og hafa jafn mikla ánægju af ferðalaginu sjálfu og áfangastaðnum. Þeir bera af vegna örlætis, jákvæðni og góðs skaps.




F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# KÆLITÆKI

**Kynningarblað**

**Hönnun, uppsetning, viðhald, geymsluráð og fyrstu kælitækin.**



MIÐVIKUDAGUR **4. SEPTEMBER 2013**



# *Allt í kælikerfið á einum stað*

**Íshúsið opnar sérverslun**

Íshúsið ehf. hefur um árabil verið einn stærsti innflytjandi á kælibúnaði á Íslandi og flytur inn allt frá minnstu íhlutum og upp í hluta í stærstu kerfi landsins. Félagið hefur vaxið hratt undanfarin ár og hefur nú opnað stóra og glæsileg sérverslun með kælivörur til að auka enn við vöruúrvalið.



Íshúsið leggur að sögn framkvæmdastjórans Tómasar Hafliðasonar meðal annars mikla áherslu á að bjóða varahluti í eldri kerfi.

„Verslunin hefur fengið feiknagóðar viðtökur frá því hún var opnuð en með henni vonumst við til þess að auka enn frekar bein viðskipti," segir Tómas Hafliðason, framkvæmdastjóri Íshússins. „Okkar helsti styrkur hefur verið að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á mjög samkeppnishæft verð, enda höfum verið verið með beinan innflutning frá birgjum um allan heim. Á undanförnum árum höfum við séð miklar breytingar hjá fyrirtækjum, þar sem aukin áhersla hefur verið lögð á aðhald í rekstri og viðhald eldri tækja. Íshúsið hefur þar mjög sterka stöðu enda búa starfsmenn yfir mikilli reynslu og þekkingu í hönnun, uppsetningu og viðhaldi kælikerfa. Vöxt fyrirtækisins má því skýra með því að við getum boðið hagkvæmt verð beint til fyrirtækja og víðtæka þekkingu."

Íshúsið leggur að sögn Tómasar mikla áherslu á að bjóða varahluti í eldri kerfi. Sem dæmi má nefna hitastafi í kæliblásara og varahluti í eldri þjöppur. „Það hefur oft verið erfitt að nálgast þessa varahluti en við höfum látið sérframleiða þá fyrir okkur hjá þekktum framleiðendum og getum því boðið upp á þessa hluti beint af lager." Íshúsið hefur auk þess staðið fyrir fjölda námskeiða, en þá kenna fagmenn Íshússins þeim sem starfa við eða í kringum fagið allt frá einföldustu atriðum. Námskeiðin hafa verið mjög vel sótt og nú er svo komið að langur biðlisti er eftir því að komast á slík námskeið.

Íshúsið hefur auk þess verið að bæta við vöruúrvalið undanfarið ár og má þar meðal annars nefna kæliammoníak. Íshúsið flytur ammoníakið beint inn frá dótturfyrirtæki Lindé og er það betra en áður hefur þekkst á íslenskum markaði. „Við höfum lagt áherslu á að selja ammoníakið beint til viðskiptavina, í stað þess að vera með milliliði eins og til dæmis olíufélög og því getum við boðið betra verð. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir enda hefur innflutningur á óvottuðu ammoníaki frá Asíu aukist á sama tíma, en Íshúsið hefur verið staðráðið í að mæta þeirri samkeppni og bjóða eingöngu hágæða ammoníak."

Tómas segir að búist sé við áframhaldani uppgangi hjá Íshúsinu, fyrirtækið sé alltaf að vinna í að bjóða betri vörur og á hagkvæmari verðum. Miðað við móttökurnar undanfarið sé alveg ljóst að fyrirtæki fagni því að geta keypt kælivörurnar hagkvæmt og milliliðalaust.




# Ekki í ísskápinn

Að lokinni búðarferð er venjan að fleygja öllu úr pokunum inn í ísskáp en ekki eiga öll matvæli að geymast í kæli. Eftirtalin fimm atriði eiga ekki heima í ísskápnum.



## 1. Tómatar

Tómötum er illa við kulda meðan þeir vaxa og eins þegar búið er að tína þá af plöntunni. Í kælinum verða þeir mjölkenndir og leiðinlegir til átu þó að vel sé hægt að nota þá í matseld. Tómatarnir halda bragðgæðunum best í körfu á eldhúsbekknum. Sólin má þó ekki skína beint á þá.



## 2. Basilika

Basilika þrífst illa í kæliskápnum þar sem hún verður máttlaus í kuldanum. Hún kann best við sig á eldhúsbekknum líkt og tómatarnir og afskorinni basiliku er best að stinga ofan í krukku með vatni. Ef skipt er um vatn daglega og plastpoka smeygt yfir vöndinn endist hún í nokkra daga. Gerið gat á pokann til að hleypa smá súrefni að.



## 3. Kartöflur

Kartöflur þrífast betur í kulda en þó ekki í ísköldum kæliskáp. Kjörhitastig kartaflna er í kringum sjö gráður. Best fer um þær í körfu eða pappírspoka á dimmum og svölum stað, til dæmis matarbúri. Ef kartöflur eru geymdar í plastpoka spíra þær hraðar.




## 4. Laukur

Laukur á ekki heldur heima í ísskápnum. Einnig þarf að lofta vel um laukinn svo hann haldi ferskleika sínum. Lauk má ekki geyma nálægt kartöflunum, þar sem þær gefa frá sér raka sem spillir lauknum. Of mikil birta getur gert laukinn bitran á bragðið. Best fer því um hann á svölum, dimmum og þurrum stað.



## 5. Lárpera

Harðar lárperur ætti ekki að geyma í ísskáp, þar sem kuldinn hægir á þroskaferlinu. Þær ætti að geyma á eldhúsbekknum þar til þær hafa náð þroska. Þó gæti verið ráð að geyma nánast þroskaðar lárperur í ísskápnum ef ekki á að nota þær strax. Heimild: www.eatingwell.com

SIEMENS

# Kæli- og frystiskápar frá Siemens





Kæli- og frystiskáparnir frá Siemens eru vel hannaðir að innan sem utan.

Í innréttingunum eru stillanlegar hillur, einstaklega björt LED-lýsing og mikið rými.

Svo að ekki þurfi að henda mat koma „crisperBox“- og „coolBox“-skúffurnar að góðum notum. „crisperBox“-skúffan er með rakastillingu sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. Í „coolBox“-skúffunni er kuldinn er meiri (-2° til 3° C) en annars staðar í kælinum og eykur þar með geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Í frystirými sambyggðu kæli- og frystiskápanna eru þrjár gegnsæjar frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“).

Með því að velja skápa með „noFrost“ sleppa menn alveg við að affrysta frystirýmið.

Kæli- og frystiskáparnir frá Siemens hafa mjög góða orkunýtni.
Þeir eru nú allir í orkuflokki A+, A++ eða A+++.

**Siemens er í fararbroddi í hönnun, tækni og nýjungum.**

**Smith & Norland er Siemens-umboðið á Íslandi.**

**Smith & Norland sinnir varahluta- og viðhaldsþjónustu af faglegum metnaði á eigin verkstæði.**

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



### FYRSTU KÆLITÆKIN

**Áður en** fyrsti ísskápurinn kom til sögunnar voru notuð sérstök íshús til að geyma ís allt árið um kring. Íshúsin voru yfirleitt nálægt vatni eða hlaðin snjó og ís yfir veturinn. Þangað var bæði snjó og ís safnað og geymdist hann oft í marga mánuði.

Ísinn var notaður til geyma viðkvæm matvæli en líka settur út í drykki og notaður í eftirrétti. Íshúsin voru bæði ofanjarðar og neðanjarðar en elstu heimildir um þau eru frá norðvesturhluta Írans um 1700 fyrir Krist.

Fyrsta kælitækið sem kynnt var til sögunnar kom fram árið 1748 þegar William Cullen sýndi það í Háskólanum í Glasgow. Það er þó bandaríski uppfinningamaðurinn Oliver Evans sem er titlaður faðir kælitækninnar með vél sinni sem hann kynnti til sögunnar árið 1805. Nokkru síðar, árið 1834, betrumbætti Jacob Perkins uppfinningu Evans og byggði fyrsta hefðbundna ísskáp sögunnar.

Í dag framleiða Kínverjar langflesta ísskápa í heiminum, um helmingi fleiri á ári en Bandaríkjamenn sem eru númer tvö á listanum.

### HEIMATILBÚINN ÍS

**Ísvélar eru** frábær tól. Án mikillar fyrirhafnar er hægt að búa til ís af öllu tagi sem verður bæði léttur og mjúkur. Þeir sem ekki eiga ísvél geta þó nýtt sér hefðbundna frysta. Til að ná sem mestum gæðum þarf hins vegar að taka blönduna úr frysti á hálftíma fresti til að hræra í henni. Það þarf að endurtaka nokkrum sinnum.

Hér er uppskrift að ljómandi góðum vanilluís úr smiðju Nóa og Síríus, en vitanlega má nota ísvélar til að frysta allar tegundir af ísblöndum.



**1 vanillustöng**
**100 ml mjólk**
**5-6 eggjarauður**
**150 g sykur**
**400 ml rjómi**

Skerið vanillustöngina í tvennt eftir endilöngu og skafið kornin úr henni. Setjið bæði korn og stöng í pott ásamt mjólkinni og hitið að suðu en látið mjólkina þó ekki sjóða.

Þeytið á meðan eggjarauður og sykur saman í skál. Hellið svo vanillumjólkinni rólega saman við eggjarauðurnar og hrærið stöðugt í á meðan. Hellið öllu í pottinn aftur. Hafið hitann mjög vægan og hrærið stöðugt. Takið pottinn af hitanum þegar blandan fer að þykkna aðeins, hellið henni gegnum sigti í skál og látið kólna vel.

Léttþeytið rjómann og hrærið hann gætilega saman við ísblönduna. Hellið síðan blöndunni í ísvél og frystið.

## GAGNLEG KÆLIHEILRÆÐI

**Frystivara er** viðkvæm en með réttri umgengni er hægt að hafa mikið gagn og gleði af eiginleikum frysti- og kæliskápa.

- Ef ís eða klakar þiðna skal ekki frysta þá aftur.
- Gott er að hylja steikt kjöt með kjötsósu til að lengja líftíma þess í frysti.
- Ávexti og grænmeti skal frysta þegar það er í mestum blóma.
- Frystið fisk í mjólkurfernu fullri af vatni. Þegar fiskurinn hefur þiðnað er vatnið í fernunni orðið að afbragðs blómaáburði.
- Merkið dagsetningu á alla frystivöru áður en hún fer í frysti.
- Frosinn matur er næringarríkari en niðursoðinn matur.
- Kaupið aldrei frystivöru nema hún sé frosin í gegn.
- Hægt er að frysta hveiti.
- Púðursykur harðnar ekki í frysti.
- Frystið þeyttan rjóma á bökunarpappír áður en sett er í poka.
- Hægt er að frysta kartöflumús.






# VEIÐIPORTIÐ

10 ÁRA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16.

# ÚTSALAN ER HAFIN



## AÐEINS Í 5 DAGA

## 15 – 75 % AFSLÁTTUR

## ALVÖRU ÚTSALA Í ÓDÝRUSTU VEIÐIBÚÐINNI ÚT Á GRANDA

| | |
|---|---|
| ÖNDUNARVÖÐLUR | 20 – 40 % afsl. |
| KASTSTANGIR | 20 – 75 % afsl. |
| FLUGUSTANGIR | 20 - 50 % afsl. |
| VEIÐIHNÍFAR | 40 - 50 % afsl. |
| VÖÐLUJAKKAR | 20 – 30 % afsl. |
| FLÍS NÆRFÖT | 40 % afsl. |
| SPÚNAR | 30 % afsl. |
| REYKOFNAR | 6.500 kr. |
| SJÓSTANGIR | 5.900 kr. |
| FLUGUSTANGIR | 6.000 kr. |
| SILUNGAFLUGUR | 150 kr. |
| LAXAFLUGUR | 250 kr. |
| TÚPUR | 350 kr. |
| KLOFSTÍGVÉL | 5.000 kr. |

Og miklu miklu meira á góðum afslætti

**ATH .ÚTSALAN ER AÐEINS Í 5 DAGA**

**OPNUNARTÍMAR YFIR ÚTSÖLUNA**

| | |
|---|---|
| miðvikudagur | 9 – 18 |
| fimmtudagur | 9 – 18 |
| föstudagur | 9 - 19 |
| lagardagur | 9 - 17 |
| sunnudagur | 10 - 16 |

Uppboð á sýningareintaki af 290 cm. Slöngubát

Lámarksboð 75.000 kr.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**MILD MORGUN- OG KVÖLDBIRTA**
Fallegir saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is






**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)




Til sölu ódýr heimilistæki, ísskápar og þvottavélar og fl. Ford Explorer ,96, 6 cyl sjálfss. sk. ,14, krókur. Fallegur og góður. V. 300 þús. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Við erum ungt par að byrja búskap. Óska eftir sófasetti, ískáp, fiskabúri og fleira. Mjög ódýrt, helst gefins. S. 778 7680.

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**TIL SÖLU LOFTASTOÐIR.**
ca. 1100.- stk. Zinkhúðaðar. Ýmsar lengdir. Einnig til sölu Doka loftabitar. Uppl. í s. 893 0003.

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort. Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur




Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Býð upp á gott nudd, heilnudd og íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT,**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SKART-HNÍFAR-TÁLGUN**
Kvöldnámskeið: Brýnsla 11.9 Víravirki 10.9. Tálgun 18.9. Útskurður 20.9. Skráning & uppl. á handverkshusid.is s:5551212.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Ný 2ja herb. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Ísskápur og gardínur fylgja. Leiga 129.670,kr á mán. Laus nú þegar. Áhugasamir sendið upplýsingar með nafni og síma á agnarglobal@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 499 3070, www.solbakki.com

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSVAGNA OG HÚSBÍLA EIGENDUR**
Til sölu tvö mjög hagkvæm 51,6 m2 frístundabil. Milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlagegi 6 og 8 (gamla Toyotahúsinu) 150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyotahúsinu) 20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur, einnig skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**VERSLUNAR EÐA VEITINGAHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 4 - 8 (gamla Toyotahúsinu) Til leigu 300- 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleiraa, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

NONNABITI ...góður biti

**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík í 100% vinnu. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára.
**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.**

LOFTIÐ LOUNGE & COCKTAIL BAR

**LOFTIÐ**
Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir mæti á staðinn á milli kl. 15 -18 miðvikudag og fimmtudag.

Tapas húsið Restaurant & Bar

**TAPASHÚSIÐ VEITINGARSTAÐUR AUGLÝSIR EFTIR MATREIÐSLUNEMUM!**
Við á Tapashúsinu viljum bæta við okkur fleirri matreiðslunemum. Vigdís yfirkokkur veitir frekari upplýsingar. Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband á vigdis@tapashusid.is eða í síma: 512-8181.

Einnig leitum við að fólki í hlutastarf í sal. Um er að ræða kvöld- og helgarstarf í vaktavinnu. Reynsla af þjóna-starfi er skilyrði. Áhugasamir hafið samband á arnaldur@tapashusid.is

**BORGARHÖFÐA EHF Í GRÍMSEY**
vantar tvær harðduglegar stelpur eða par í ákvæðisvinnu við uppstokkun á línu. Húsnæði á staðnum.
**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið sveinagardar@simnet.is**

HAFBERG fiskbúð sælkerans

Okkur vantar duglega og hressa karl/konu til að sjá um veitingastað í hádeginu og afgreiðslu í fiskborði e.h. Íslenska er skilyrði. Uppl. í síma 820 3413 Geir.

**SÓLNING EHF. HAFNARFIRÐI**
óskar eftir vönduðum og vönum starfsmönnum.
Um er að ræða vinnu við hjólbarða og smáviðgerðir.
Um framtíðarstörf getur verið að ræða.
**Umsóknir sendist á: beggi@solning.is / siggi@pitstop.is**

Snælandvideo óskar eftir starfsfólki í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Vinsamlega leggið inn umsókn á snaelandvideo.is eða hafið samband við Pétur í síma 693-3777. Athugið eingöngu er um fullt starf að ræða!

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal, hlutastarf. Uppl. í S. 822 5229.

**ÞVOTTAHÚS/EFNALAUG**
Óskar eftir starfskrafti með reynslu af vinnu í efnalaug og getur hafið störf strax. Uppl. í s. 846 4611 eða fjodur@fjodur.is

**HÚSASMIÐIR!**
**ATVINNA Í NOREGI**
190 nokr, á tímann. Fæði og húsnæði innifalið. Sendið umsókn og ferilskrá á: thulekraft@gmail.com og s. 696 7324

**BAKARI / BJÖRNSBAKARÍ SKÚLAGÖTU**
Bakari óskast sem fyrst. Upplýsingar á staðnum fyrir hádegi. Lárus s. 551 1531.

**HOUSEKEEPERS**
Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks fulltime and parttime housekeepers. Please send applications to: headhousekeeper@apartmentk.is

Hressingarskálinn leitar að reynslúríku starfsfólki í eldhús, áhugasamir sendið póst á glennmoyle@gmail.com eða fyllið út umsókn á staðnum, Austurstræti 20.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




Falleg, þroskuð kona leitar kynna við karlmann með tilbreytingu í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8166.

Konur og karlar: leitið þið tilbreytingar? Auglýsið frítt hjá Rauða Torginu Stefnumót í s. 535-9923.

Ertu swinger? Við bjóðum úrvals aðstöðu fyrir pör sem vilja kynnast einstaklingum og/eða öðrum pörum. Sexylceland.com








## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 2 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 1 |
| 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 4 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 7 | 9 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 8 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 4 |
| 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 6 | 2 | 4 | 9 | 7 | 1 |
| 1 | 5 | 3 | 7 | 6 | 8 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 7 | 9 | 1 | 8 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Fögur sál er ávallt ung undir silfurhærum.

*Steingrímur Thorsteinsson*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** sníkjur, **6.** í röð, **8.** keyra, **9.** skst., **11.** berist til, **12.** titill, **14.** sýnishorn, **16.** stefna, **17.** drulla, **18.** fálm, **20.** drykkur, **21.** íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** trappa, **3.** átt, **4.** vegur, **5.** fálm, **7.** fugl, **10.** málmþráður, **13.** munda, **15.** smyrsl, **16.** upphrópun, **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** snap, **6.** rs, **8.** aka, **9.** etv, **11.** bt, **12.** prior, **14.** úrtak, **16.** út, **17.** aur, **18.** fum, **20.** te, **21.** fram.

**LÓÐRÉTT: 1.** þrep, **3.** na, **4.** akbraut, **5.** pat, **7.** strútur, **10.** vír, **13.** ota, **15.** krem, **16.** úff, **19.** ma.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vladimír Kramnik (2784) sigraði á Heimsbikarmótinu sem lauk í Tromsö á mánudag. Hann vann fyrstu skákina í úrslitaeinvíginu gegn Andreikin (2727).**

**Hvítur á leik**



61. Hh7! Hvítur hafði smám saman rekið kóng svarts út á endalínuna. 61... Df5 62. Hgg7 De6 63. He7 og svartur gafst upp enda getur hann ekki valdað áttundu röðina og hindrað uppskipti. Kramnik vann einvígið 2½-1½.

**www.skak.is** Nýtt fréttabréf SÍ

## SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**



## Orlofsbyggð norðan Kjarnalundar - Tillaga að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi. Skipulagssvæðið afmarkast af Kjarnaskógi og lóðum Kjarnalundar til suðurs, óbyggðu íbúðarsvæði til vesturs, gili á opnu svæði til norðurs og fyrirhugaðri tengibraut á óbyggðu svæði til austurs. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir stækkun frístundabyggðarinnar til vesturs.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 4. september til 16. október 2013 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: *www.akureyri.is/skipulagsdeild* undir: *Auglýstar tillögur.*

Tillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fylgir henni umhverfisskýrsla.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 16. október 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

***4. september 2013***
***Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar***

Akureyri – ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

Félag Fasteignasala




Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur ásamt tengigangi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Laugardalur, Holtavegur 32

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Laugardals vegna lóðar nr. 32 við Holtaveg. Í breytingunni felst að koma fyrir tveimur færanlegum húsum með tengibyggingum, tengt núverandi færanlegu húsi, ásamt stækkun á vinnusvæði bækistöðvar Laugardals til suðurs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar, ásamt umhverfisskýrslu, hljóðvistarskýrslu og öryggisskýrslu, liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 4. september 2013 til og með 16. október 2013. Einnig má sjá tillögurnar og skýrslur á vefsíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 16. október 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 4. september 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

**Lágafellsskóli Mosfellsbæ**
**Laus störf**
**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi**

**Stuðningsfulltrúi óskast**
Meginverkefni er aðstoð við nemendur í leik og starfi, m.a. í búningsklefum drengja. Sérstaklega er leitað eftir karlmanni til starfans.
Vinnutími frá kl. 08:00. Möguleiki á vinnu í frístundaseli e.h. og þar með allt að 100% starfshlutfalli. Ráðning frá 16. september.
Frekari upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttur skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundasel Lágafellsskóla.**
Frístundaleiðbeinendur taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk.
Um hlutastörf er að ræða og vinnutími frá kl. 13:00 – 17:00 en styttri vinnutími er mögulegur. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem allra fyrst.
Upplýsingar veitir Ágústa Andrésdóttir, forstöðukona í síma 5259200 eða 8962682. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið agusta@lagafellsskoli.is

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Frekari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
**FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN**
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

## Fiskeldi/landeldi

Til greina kemur að selja hluta eða í heild mjög áhugaverða fiskeldisstöð sem er í fullum rekstri. Miklir stækkunarmöguleikar. Stöðin er í eigin húsnæði og á eignarlandi. Nægilegt, mjög gott vatn.

**Áhugasamir hafið samband við Magnús Leópoldsson á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar sími: 550-3000.**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Beykihlíð 6 - Reykjavík




Tvær eignir seljast saman. Vel skipulagt 200 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr ásamt sérstæðu 82 fm einbýlishúsi á sömu lóð.
Húsin eru laus strax. Góð bílastæði á lóð.
**V. 64,9 m.**
**Eignin verður sýnd í dag, miðvikud. 4.september frá kl. 17:00 - 18:00.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

## Huldubraut 46.

**Opið hús í dag miðvikudag frá kl 18:00 til 18:30**




**Glæsilegt einbýli Kópavogsmegin við Fossvoginn**
Í einkasölu eitt af betri útsýnishúsum við Huldubraut í Kópavogi. Húsið sem er 330 fm er á tveimur hæðum. Glæsilegar innréttingar, stórar og bjartar stofur, glæsilegt útsýni úr húsinu sem stendur á sjávarkambinum. Þetta er eign fyrir vandláta. Möguleiki á séríbúð á neðri hæð. **Verð 97,5 milj.** Heiðar verður á staðnum og sýnir húsið, s:693-3356 **heidar@valholl.is**

## Gullengi 2

**Opið hús í dag miðvikudag frá kl 19:00 til 19:30**




**Falleg 119 fm íbúð í Grafarvogi**
Í einkasölu falleg 119 fm 4ra herb íbúð á annari hæð í húsi byggðu 2008. Rúmgott eldhús og stofur, rúmgóðar suður svalir. Þrjú rúmgóð herb. með skápum. Baðherb. með flísum á veggjum og gólfi, þvottahús innan íbúðar. Sérinngangur af svölum. **Verð 29,5 milj,** íbúðin er laus við kaupsamning. Heiðar verður á staðnum og sýnir íbúðina, s:693-3356

**VALHÖLL FASTEIGNASALA**

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

## Mannlíf, veður og morðgátur í Kiruna

BÆKUR ★★★★☆

**Fórnargjöf Móloks**
Åsa Larsson
ÞÝÐING: EYRÚN EDDA HJÖRLEIFSDÓTTIR
JPV-ÚTGÁFA

Fórnargjöf Móloks er fimmta bók Åsu Larsson sem út kemur á íslensku. Af einhverjum ástæðum hafa hinar bækurnar fjórar farið framhjá mér en eftir lestur á Fórnargjöfinni er enginn vafi á því að þær verða leitaðar uppi og lesnar. Hér er á ferðinni höfundur sem skrifar betur en maður á að venjast um krimmahöfunda auk þess sem sagan er spennandi, vel byggð, og, það sem óvenjulegast er af öllu þegar krimmar eiga í hlut, snertir mann djúpt.




Aðalpersóna sögunnar er saksóknarinn Rebecka Martinsson, sem hefur sína djöfla að draga (hvaða aðallögga krimmaveraldarinnar hefur það ekki?) en er eiturskörp og setur hlutina í annað samhengi en flestir. Hér fæst hún við rannsókn á morði á miðaldra konu og nýtur við það aðstoðar félaga sinna í lögreglunni í Kiruna sem allt eru skýrt mótaðar og áhugaverðar persónur og sömu sögu er að segja af öllum þeim sem til skoðunar koma í rannsókninni.

Inn í söguna af morðrannsókninni og persónulegum raunum Rebecku er fléttað sögu ungrar kennslukonu í Kiruna á fyrri helmingi síðustu aldar. Og þótt öll bókin sé einkar vel skrifuð eru það einkum þeir kaflar sem lyfta frásögninni hátt yfir það sem maður á að venjast í glæpasögum. Stíll þeirra og frásagnarháttur minnir á köflum á bækur Selmu Lagerlöf og myndin sem dregin er upp af stéttskiptingu og aðstæðum vinnandi fólks í Svíþjóð þess tíma er óhemju sterk og situr lengi í minninu.

Morðgáturnar sjálfar, já, það kemur sem sé á daginn að morðin eru fleiri en eitt og fleiri en tvö, eru í sjálfu sér ósköp hefðbundnar en næm tilfinning Larsson fyrir umhverfinu og tilfinningum fólksins gerir frásögnina dýpri og um margt raunsannari en algengt er í glæpasögum. Lausn gátunnar kemur lesandanum síðan algjörlega í opna skjöldu, sem einnig er ánægjuleg tilbreyting í krimmaheiminum. Að öllu samanlögðu er Fórnargjöf Móloks frábær lesning; vel skrifuð, persónur sannfærandi, á köflum átakanleg en á öðrum köflum drepfyndin, mannleg og hlý en jafnframt hvöss þjóðfélagsádeila og að lestri loknum getur maður varla beðið eftir að komast yfir fleiri bækur þessa frábæra höfundar.

Þýðing Eyrúnar Eddu Hjörleifsdóttur er líka til fyrirmyndar, vel unnin á góðu máli og algjörlega laus við sænskuskotin sem allt of oft einkenna þýðingar úr því ágæta máli.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Óvenjuvel skrifaður krimmi sem hrífur lesandann með sér inn í framandi heim sem um leið er óþægilega kunnuglegur. Frábær lesning.




**KÚBUS** Guðrún Dalía Salómonsdóttir og Júlía Mogensen, tvær af meðlimum kvartettsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verkið kallar á mann að láta flytja sig

KÚBUS, nýr tónlistarhópur, flytur Kvartett um endalok tímans eftir Olivier Messiaen.

„Hópurinn heitir KÚBUS, eins og teningur, og við erum fyrstu fjögur hornin. En ætlunin er að hafa hópinn breytilegan að stærð og lögun og vinna með listamönnum úr öðrum listgreinum," segir Guðrún Dalía Salómonsdóttir, píanóleikari og einn meðlima kvartettsins KÚBUS.

Auk Guðrúnar samanstendur kvartettinn af Ingridi Karlsdóttur fiðluleikara, Grími Helgasyni klarínettuleikara og Júlíu Mogensen sellóleikara, en þau munu flytja verkið Kvartett um endalok tímans eftir franska tónskáldið Olivier Messiaen í Tjarnarbíói næstkomandi laugardag. Þau Guðrún Dalía, Júlía og Grímur tóku sér frí frá æfingum og ræddu við blaðamann um verkið, sem þau segja að hafi kallað á flutning þeirra.

„Markmið hópsins er að fá nýja áhorfendur og einnig að gera tilraunir með uppsetningar og samsetningar á tónlist og öðrum listgreinum og taka áhættu," segir Júlía.

Þetta eru fyrstu tónleikar hópsins, sem var formlega stofnaður í vor. „Við völdum Tjarnarbíó fyrir flutninginn, sem er frekar óhefðbundinn staður fyrir klassíska tónleika. Við vildum vera í leikhúsi og setja þetta í pínulítinn leikhúsbúning og þannig brjóta upp þetta hefðbunda tónleikaform."

Spurður hvers vegna þetta verk hafi orðið fyrir valinu segir Grímur hópinn lengi hafa haft áhuga á að takast á við tónsmíðina. „Þetta er reyndar mjög mikið spilað verk enda 20. aldar klassík. En þetta er það gott og fjölbreytilegt verk að það eru örlög þess að vera oft flutt. Það hreinlega kallar á mann að láta flytja sig."

Þau segja verkið ekki einungis ná til þeirra sem hlusta á og þekkja klassíska tónlist. „Verkið nær til breiðs hóps og ég held að það nái fólki hvort sem það hlustar á klassíska tónlist eða ekki. Það er svo áhrifamikið að þú þarft ekki að vita neitt um tónlist eða einu sinni hafa það mikinn áhuga á henni til þess að verða gagntekin," segir Guðrún Dalía.



**KVARTETTINN KÚBUS** Grímur Helgason, Júlía Mogensen, Ingrid Karlsdóttir og Guðrún Dalía Salómonsdóttir.

Saga tónskáldsins og verksins er dramatísk, en Messiaen samdi verkið í haldi nasista í fangabúðum í Görlitz. Innan þeirra veggja var kvartettinn frumfluttur í janúar 1941, þar sem bæði flytjendur og áheyrendur voru í haldi.

Tónleikarnir eru styrktir af Tónleikasjóði og verða sem áður segir í Tjarnabíói laugardaginn 7. september og hefjast klukkan 22.

hanna@frettabladid.is

# Works on Paper: samsýning í i8

Sýningin samanstendur af verkum 29 listamanna frá öllum heimshornum.

Á morgun, fimmtudag, verður samsýningin Works on Paper opnuð í i8 galleríi við Tryggvagötu. Pappír er tákn eða útgangspunktur sýningarinnar.

„Margir listamennirnir nota pappír í verkum sínum, til dæmis í ljósmyndum, hefðbundnum teikningum eða málverkum. Í öðrum verkum er að finna einhvers konar skírskotun í pappír, sem í gegnum árin hefur leikið stórt hutverk í listsköpun, þó að önnur efni séu notið í sjálf verkin," segir Auður Jörundsdóttir, hjá i8 galleríi.

Með vali á listafólki er leitast við að endurspegla þá möguleika sem pappírinn hefur upp á að bjóða við listsköpun, hvort sem verkin eru úr pappír eða um pappír.

„Sum listaverkin voru unnin sérstaklega fyrir sýninguna en önnur áttu listamennirnir í fórum sínum," segir Auður jafnframt.

Í sýningunni taka 29 listamenn þátt, en margir þeirra eru heimsþekktir. Þannig má nefna listamenn á borð við Hrein Friðfinnsson, Ignacio Uriarte, Karin Sander, Lawrence Weiner, Ólaf Elíasson, Kristján Guðmundsson, Rögnu Róbertsdóttur, Tom Friedman, Martin Creed og Önnu Barribal, svo einhverjir séu nefndir.

„Ignacio Uriarte og Hildigunnur Birgisdóttir hafa bæði unnið verk sérstaklega fyrir gallerírýmið, sem eru mjög spennandi," segir Auður að lokum.

Í tilefni sýningarinnar verður gefin út bók með öllum verkum sýningarinnar. - ósk



**SOURCE** er verk eftir Hrein Friðfinnsson sem verður meðal annars á sýningunni. Verkið er frá árinu 2013. Mynd/i8









RIGG
Music & events
kynnir:
"Þetta voru magnaðir tónleikar og skemmtun sem að rennur mér seint úr minni. Takk fyrir mig!"
Aileen Soffía Svensdóttir.
"Frábærir tónleikar sem stóðust fyllilega væntingar mínar og meira til. Var á köflum orðlaus."
Rúnar Róberts á Bylgjunni.
"Heiðurstónleikar um Freddie Mercury eru í alþjóðlegum klassa og tvímælalaust þeir flottustu sem íslenskir rokkarar hafa gert"
Hemmi Gunn
" Hugsanlega bestu tónleikar sem ég hef farið á um ævina... Shitt, ég er ennþá í sjokki!"
Birgir Sævarsson.
ÖLL BESTU LÖG MERCURY Í FRÁBÆRUM FLUTNINGI
STÓRKOSTLEG UPPLIFUN 35 ÞÚSUND TÓNLEIKAGESTA!
HEIÐURSTÓNLEIKAR
MERCURY
MAGNI - EIRÍKUR HAUKSSON - EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON
MATTHÍAS MATTHÍASSON - FRIÐRIK ÓMAR - HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
ÁSAMT 12 MANNA HLJÓM- OG RADDSVEIT
19. OKTÓBER KL. 20:00 - HÁSKÓLABÍÓ
MIÐASALAN HEFST Í DAG KL. 10:00 Á midi.is OG Í SÍMA 540-9800
MIÐAVERÐ 6900
HOF
MENNINGARHÚSIÐ HOF 5. OKTÓBER
KL. 20:00 - UPPSELT
KL. 23:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
MIÐASALA Á WWW.MENNINGARHUS.IS
EXTON
BÍLALEIGA AKUREYRAR
National Car Rental

# McQueen náði ekki að flytja inn

Draumaheimili Alexanders McQueen sem lést árið 2010 hefur verið sett á sölu.

Heimili fatahönnuðarins Alexanders McQueen er nú til sölu á rúmlega einn milljarð króna. McQueen hafði fest kaup á þriggja herbergja lúxusíbúð í London stuttu áður en hann lést árið 2010.

Hönnuðurinn hugðist endurhanna íbúðina og hafði margoft talað um það í viðtölum hversu spenntur hann væri að flytja inn í nýju íbúðina við Dunraven-stræti í London. Hann hafði sérstakan áhuga á því breyta eldhúsinu og hlakkaði mikið til að elda gómsætan mat fyrir vini sína og fjölskyldu.




**ÍBÚÐIN TIL SÖLU** Íbúð fatahönnuðarins Alexander McQueen fæst keypt fyrir einn milljarð króna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýir dómarar í Idol

Jennifer Lopez sest í dómarasæti í American Idol.

Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. koma til með að taka sæti dómara í sjónvarpsseríunni sívinsælu American Idol, sem hefur göngu sína um áramótin í þrettánda sinn. Þau koma til með að taka sætin af þeim Mariah Carey og Nicki Minaj, sem hafa báðar opinberlega lýst yfir óánægju sinni með þættina.

Þannig munu þau Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. taka sér sæti við hlið Keith Urban í dómarapanelnum. Randy Jackson kemur einnig til með að snúa aftur í þættina. - ósk



**DÓMARI** Jennifer Lopez dæmir í Idolinu. NORDICPHOTOS/GETTY






**REGNBOGAKLETTAR** Eitt verka Gunnhildar í Listasafni Reykjanesbæjar.

# Bernskuárin eru innblástur

Sjálfbærni er mér ofarlega í huga og ég nýti talvert tilfallandi efni í verkin mín," segir Gunnhildur Þórðardóttir listakona, sem opnar sýninguna Áframhald í Listasafni Reykjanesbæjar á morgun, fimmtudag, klukkan 18. Titillinn vísar bæði í áframhaldandi þróun listamannsins og endurvinnslu þeirra efna sem verkin eru gerð úr.

Gunnhildur kveðst sækja innblástur til bernskuáranna í Keflavík, hluta tengdra sjómennsku, náttúru og mannvirkja á Reykjanesinu. „Verkin eru litrík og hluti sýningarinnar er innsetning sem er ætluð yngri gestum safnsins," segir hún en sjálf á hún fjóra stráka á aldrinum sex mánaða til níu ára.

Sýningin er liður í dagskrá Ljósanætur en stendur til 27. október og aðgangur er ókeypis. - gun



# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 4. SEPTEMBER 2013**

## Fræðslufundir

**20.00** Rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða fer fram í Hljóðbergi í Hannesarholti, Grundarstíg 10, í kvöld. Ásta Svavarsdóttir cand. mag. í íslenskri málfræði og rannsóknardósent á Árnastofnun flytja fyrirlesturinn Af erlendri rót. Í fyrirlestrinum verður fjallað um máltengsl, máláhrif og afleiðingar þeirra í tungumálinu. Allir velkomnir.

## Uppákomur

**19.00** **Í kvöld stendur Aarona Pichinson, jógakennari frá New York, fyrir óvenjulegum jógatíma í Hörpu. Um er að ræða jóga með lifandi tónlist, flutta af íslenskum tónlistarmönnum. Þetta er ókeypis viðburður, tveggja tíma upplifun fyrir líkama og sál.**

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**LEIKUR Í STUTTMYND** Fyrirsætan Cara Delevingne leikur í stuttmynd fyrir tískuveldið Fendi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fyrirsæta í hryllingsmynd

Fyrirsætan Cara Delevingne fer með hlutverk í nýrri stuttmynd sem enginn annar en Karl Lagerfeld, yfirhönnuður og listrænn stjórnandi tískuveldisins Fendi, leikstýrir. Delevingne og fyrirsæturnar Amanda Harlech og Saskia de Braw leika í sjö mínútna langri hryllingsmynd sem heitir Haunted House og verður sýnd á Fendi.com hinn 12. september næstkomandi. Delevingne stendur sig með með prýði þar sem hún sést leika hrædda og varnarlausa stúlku í 36 sekúndna broti úr myndinni sem nýlega birtist á veraldarvefnum.



**STOLIÐ FRÁ BURBERRY** Fyrrverandi bókari tískuveldisins Burberry stal tugum milljóna íslenskra króna frá fyrirtækinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bókari Burberry dæmdur

Bókari hjá breska tískufyrirtækinu Burberry hefur nú verið dæmdur til þess að greiða til baka tugi milljóna íslenskra króna sem hann á að hafa stolið á árunum 2007-2010. Bókarinn notaði peninginn til þess að fjárfesta í rándýrum sportbílum og keypti hann sér meðal annars glænýjan BMW, sem hann þóttist hafa fengið í bónus frá fyrirtækinu. Hann var dæmdur fyrir fjársvik og í 21 mánaðar fangelsi. Hefur hann nú nokkra mánuði til þess að greiða skuldina að fullu, annars er hætta á að hann þurfi að eyða næstu tveim árum í fangelsi.




# Einnar mínútu stuttmyndir á Riff

Keppt verður í einnar mínútu stuttmyndakeppni í fyrsta sinn á Riff-kvikmyndahátíðinni í ár.

Einnar mínútu stuttmyndakeppni verður haldin í fyrsta sinn á Íslandi á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, Riff.

Leitað er að frumlegum, listrænum og skemmtilegum stuttmyndum sem þurfa að vera nákvæmlega ein mínúta að lengd, hvorki meira né minna.

Þetta einnar mínútu fyrirbæri er upprunnið í Hollandi. Tíu bestu myndirnar verða sýndar á Riff-hátíðinni og leikstjórar þeirra fá passa á hátíðina. Sigurmyndin fær í verðlaun iPad frá Símanum.

Þema keppninnar er „Loft“ en til að senda inn mynd þurfa keppendur að hlaða henni niður á YouTube, Vimeo eða sambærilega vefsíðu og senda slóðina á netfangið einminuta@riff.is með nafni og símanúmeri. Skilafrestur er til 20. september næstkomandi.

➜ Blaðamenn frá AP-fréttastofunni, BBC-World, Tagezeitung, Berliner Zeitung, Le Monde, Screen International og Hollywood Reporter eru væntanlegir á Riff-hátíðina sem fer fram 26. september til 6. október.



**RIFF** Keppt verður í einnar mínútu stuttmyndakeppni á Riff-hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Á flótta undan flassblossum

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Árvökulir vegfarendur og löghlýðnir birta stundum myndir á Facebook þegar þeim ofbýður yfirgangur annarra. Appelsínugulur jeppi komst til dæmis í fréttir eftir að það náðist mynd af jeppanum í tveimur stæðum. Eigandinn þekktist af skráningarnúmerinu, sem birt var með. Ég rek oft augun í svona myndir og satt að segja spekúlera ég ekki mikið í þeim, þannig. Það fer svo sem eftir því hvoru megin ég fór fram úr þann morguninn, ég viðurkenni það. Dagsformið er misjafnt og suma daga er vel hægt að láta svona hluti fara í taugarnar á sér. Svona rífleg bílastæðanotkun er enda hvimleið og tillitsleysi við næsta mann.

**ÉG** gat þó ekki annað en furðað mig á því hversu oft sá appelsínuguli náðist á mynd. Var þetta alltaf sami myndasmiðurinn? Vænisýkin náði tökum á mér og ég sá fyrir mér að flokkur fólks væri á ferðinni um bæinn, sem sjálfskipaðir löggæslumenn götunnar með myndavélarnar á lofti, eltandi uppi leppalúða sem höguðu sér eins og fífl.

**FÓLK** er fífl og ég líka. Ég hafði því varann á mér, dauðs lifandi fegin að vera ekki á bílnum þennan dag. Varla væri hægt að hanka mig á fæti. Kófsvitnaði þegar ég gleymdi mér svo og hljóp yfir götu án þess að þar lægi gangbraut. Skimaði í kringum mig eftir snjallsíma á lofti og flassblossa. Ég gat ekki vitað hvar hinir sjálfskipuðu drægju mörkin. Þetta var meira að segja í nánd við barnaskóla!

**ÉG** stytti mér hugsunarlaust leið yfir grasflöt þó að malbikaður göngustígur lægi við hliðina á mér og bætti þar með gráu ofan á svart. Ég þorði ekki að líta upp og gekk því í veg fyrir hjólreiðamann sem nauðhemlaði, var hann með myndavél?

**ÉG** hljóp við fót, rak mig utan í en gaf mér ekki tíma til að stoppa. Hélt áfram að hlaupa og dró hettuna upp fyrir haus. Ef hinir sjálfskipuðu næðu af mér mynd ætlaði ég ekki að þekkjast.

# Mun eflaust opna einhverjar dyr

## Myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson hlýtur hinn virta Carnegie-styrk í ár.



**HLÝTUR VIRT VERÐLAUN** Listamaðurinn Davíð Örn Halldórsson hlaut hinn virta Carnegie-styrk í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er rosalegur sigur fyrir mig að fá svona flott og virt verðlaun, þarna er ég kominn í hóp efnilegra listamanna,“ segir myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson, sem hlaut nýverið hin virta Carnegie-styrk. Þetta er í ellefta sinn sem Carnegie-verðlaunin eru veitt og tóku sautján norrænir listamenn þátt í ár.

Veitt eru verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin og að auki er veittur styrkur til yngri listamanns upp á 100.000 sænskar krónur, eða tæplega tvær milljónir íslenska króna. „Ég fékk styrkinn sem er veittur ungum og efnilegum listamönnum og fer í framhaldi af því til Stokkhólms á opnun sýningarinnar Carnegie Art Award 2014 í Konstakademien,“ útskýrir Davíð Örn, sem útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2002 og hefur síðan þá haldið fjölda sýninga bæði hér heima sem og erlendis.

„Sýningin í Konstakademien mun standa í eitt til tvö ár og veita mér tækifæri til þess að sýna á fleiri listasöfnum í Evrópu og eflast og opna einhverjar dyr fyrir mig í framtíðinni.“

Davíð Örn sýnir fimm verk á sýningunni og hafa þau meðal annars skírskotun til popplistar, vegglistar og listasögu. „Ég nota blandaða tækni þar sem ég mála og spreyja á viðarplötur með iðnaðarmálningu og tússlitum. Þetta er ekki hefðbundin tækni en ekkert of skrítin heldur.“

Það er í nógu að snúast hjá Davíð Erni um þessar mundir, en í október tekur hann þátt í samsýningu í Artíma Gallerí í Reykjavík og síðar í Leipzig auk þess sem hann undirbýr einkasýningu í Gallerí Þoku. **- áo**

# Uppistandstúrinn hefst á Höfn

## Hugleikur Dagsson er á uppistandsferð um landið.



**DJÓKAÍN** Hugleikur Dagsson hefur uppistandstúr sinn um landið á Höfn í Hornafirði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það eru þrjú stopp í túrnum. Höfn í kvöld, Egilsstaðir á morgun og Akureyri á föstudag,“ segir uppistandarinn og listamaðurinn Hugleikur Dagsson, sem hefur uppistandstúr sinn á Höfn í Hornafirði í kvöld.

Sýningin ber titilinn Djókaín og á meðal umfjöllunarefna Hugleiks eru klámvæðingin, íslenska tungumálið, barneignir og hákarlar.

„Þetta er hálfgerð „best of“ sýning. Ég fer með efni alveg frá því ég byrjaði í uppistandi. Sýningin er um sjötíu mínútur að lengd, nema ég sé æstur og tali hratt, þá gæti hún verið styttri.“

Aðspurður segir hann ekki erfitt að standa einn á sviði í svo langan tíma. „Þegar fyrsti hláturinn heyrist verður maður nokkuð öruggur og vill helst ekkert fara af sviðinu. En svo er maður aldrei betri en salurinn, ef hann er ekki í stuði dett ég ekki í stuð. Þetta er svolítið eins og samtal, nema að það er bara ég sem má tala,“ segir hann að lokum. **- sm**



**OF FRÆGUR** David Beckham þykir of frægur fyrir fyrirsætustörf. NORDICPHOTOS/GETTY

# Of frægur fyrir Calvin Klein

Tískuveldið Calvin Klein vildi fá fótboltastjörnuna David Beckham til þess að sitja fyrir í nýjustu nærfataherferð fyrirtækisins. Því varð ekki að ósk sinni í þetta sinn, þar sem umboðsmenn Beckhams töldu hann vera of frægan fyrir hlutverkið. Í stað Beckhams fékk fótboltastjarnan Freddie Ljungberg, sem spilaði fyrir Arsenal á sínum, tíma hlutverkið. Ljungberg fetar þarna í fótspor leikarans Mark Wahlberg, sem vakti mikla lukku sem Calvin Klein-fyrirsæta á síðasta ári.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 5:40 - 10:40 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| THE BLING RING | KL. 8 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 6:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 8 - 10 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |
| ELYSIUM | KL. 10 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 10:10 | 12 |




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ELYSIUM | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| ELYSIUM LÚXUS | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |
| FLUGVÉLAR 2D / 3D ÍSL TAL | KL 3.20 | L |
| KICK ASS 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 3.20 - 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 5.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| GROWN UPS | KL. 10.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 - 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| WAY WAY BACK | KL. 10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | | | 12 |
| 2 GUNS | KL. 6 | 14 | / ELYSIUM KL. 8 - 10 | 16 |
| KICKASS 2 | KL. 10 | | | 16 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ELYSIUM | 5.30, 8, 10.40(P) | 16 |
| KICK ASS 2 | 8, 10.30 | 16 |
| 2 GUNS | 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2 | 5.30 2D | L |
| PERCY JACKSON | 5.30 | 10 |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


ST.TROPEZ
NÝTT Í LYFJU
Af hverju St.Tropez
Engar rákir
Náttúrulegt útlit
Endist lengi
Auðvelt í notkun
Aromaguard, ilmefnalaus tækni
#OFFTOSTTROPEZ
WWW.ST-TROPEZ.COM
ST TROPEZ

## Fylgist með íþróttafréttum á Facebook

**SPORT** Íþróttadeild Fréttablaðsins og Vísis hefur stofnað til Fésbókarsíðu. Tilgangurinn með síðunni er að ná til þeirra lesenda miðlanna sem vilja fylgjast með gangi mála í íþróttaheiminum og ekki missa af neinu.

„Það er okkar markmið að koma fréttum af íþróttum sem fyrst til lesenda okkar. Með Fésbókarsíðunni eiga lesendur enn meiri möguleika á að fá fréttirnar eins fljótt og mögulegt er," segir Kolbeinn Tumi Daðason, íþróttafréttamaður á Fréttablaðinu og Vísi.

Á síðunni er reglulega brugðið á leik og birtar gamlar og skemmtilegar myndir úr íslensku íþróttalífi. Þar má finna Hlyn Bæringsson í víkingabúningi, dökkhærðan Ólaf Stefánsson og körfuknattleikskappa úr Stjörnunni með húðflúr til heiðurs bensínstöð í borginni.

Slóðin á Fésbókarsíðu íþróttadeildarinnar er *www.facebook.com/VisirSport.*



## Draumur að fá að lifa á handboltanum

**HANDBOLTI** Bjarki Már Elísson tók skrefið í sumar og gerðist atvinnumaður í handbolta. Hann leikur í dag með þýska liðinu Eisenach, sem komst í vor upp í úrvalsdeildina.

Eisenach hefur farið illa af stað í deildinni á tímabilinu, en liðið tapaði fyrir Hannover-Burgdorf með einu marki í fyrstu umferð og síðan í næstu umferð með fjórtán marka mun gegn Degi Sigurðssyni og lærisveinum hans í Füchse Berlin.

„Það er bara draumur að fá að lifa á íþróttinni sem maður elskar. Þetta hefur því verið mikið ævintýri þrátt fyrir slakt gengi til að byrja með," segir Bjarki Már.

„Það hefur hjálpað mér mikið að hafa Hannes [Jón Jónsson] í liðinu og hann hefur aðstoðað mig að ná tökum á tungumálinu," segir Bjarki, en Aðalsteinn Eyjólfsson er þjálfari liðsins.

„Það er gott að hafa íslenskan þjálfara hér úti en aftur á móti ber hann ábyrgð á því að fá Íslending í liðið og því er töluverð pressa á mér að standa mig í vetur."

Eisenach mætir Lemgo í mikilvægum leik á laugardaginn. **- sáp**



**BJARTSÝNN** Bjarki Már ætlar sér stóra hluti í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fylkir og ÍA upp í Pepsi-deild kvenna



**SÆTINU FAGNAÐ** Skagakonur fagna hér á KR-vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Fylkir og ÍA tryggðu sér sæti í Pepsi-deild kvenna í gær þegar seinni leikir undanúrslita 1. deildar kvenna fóru fram. Fylkir vann Grindavík 3-2 á Fylkisvellinum og þar með samanlagt 6-3 en ÍA hafði betur á móti KR þrátt fyrir 2-0 tap á KR-vellinum í gær. ÍA vann fyrri leikinn 3-0 og þar með 3-2 samanlagt.

Fylkiskonur, undir stjórn Rögnu Lóu Stefánsdóttur, eru komnar upp eftir eins árs fjarveru en Skagaliðið spilar nú í efstu deild eftir níu ára fjarveru. Magnea Guðlaugsdóttir þjálfar lið ÍA, en hún spilaði með ÍA þegar liðið vann síðast stóran titil – bikarmeistaratitilinn 1993. **- óój**

# Svakaleg samkeppni

**Fréttablaðið skoðar í dag hvaða leikmenn í Tottenham berjast um mínútur við Gylfa Þór Sigurðsson. Leikmenn streymdu til Tottenham í sumarglugganum.**

**FÓTBOLTI** Ef það hefur einhvern tímann verið góður tími til að hvíla Gylfa Þór Sigurðsson var það kannski um síðustu helgi enda fram undan mikilvægir landsleikir í undankeppni HM 2014. En hver er staðan hjá okkar manni hjá Tottenham? Seta Gylfa á bekknum allan leikinn á móti Arsenal á sunnudaginn í viðbót við alla þá nýju leikmenn sem knattspyrnustjórinn André Villas-Boas er búinn að ná í á síðustu vikum skapar vissulega óvissu um framtíðarhlutverk Gylfa í liðinu.

Gylfi var inni á vellinum nær allt undirbúningstímabilið hjá Tottenham og kom inn í tímabilið fullur bjartsýni um stærra hlutverk í ár. Risasalan á Gareth Bale opnaði hins vegar möguleika fyrir forráðamenn Tottenham til að bæta við leikmönnum og miðjumennirnir hreinlega streymdu til White Hart Lane síðustu vikur félagsskiptagluggans sem var lokað í gær.

Hinn fjölhæfi Paulinho er strax kominn í uppáhald hjá Villas-Boas, Moussa Dembélé er fastamaður á miðjunni, Nacer Chadli hefur stungið sér inn í skarðið sem Gareth Bale skildi eftir sig á vinstri vængnum og þá eigum við enn eftir að sjá hvernig Villas-Boas ætlar að nota Danann Christian Eriksen.

Alls hafa sjö miðju- eða kantmenn komið til Tottenham eftir að félagið keypti Gylfa í júlí í fyrra og þótt þessir leikmenn séu í mismikilli samkeppni við íslenska landsliðsmanninn, sjá samanburð, er ljóst að samkeppni um stöður á miðsvæðinu er svakaleg.

André Villas-Boas stillir vanalega upp í leikkerfinu 4-2-1-3 og það má segja að Gylfi komi til greina í þrjár stöður í því þótt við Íslendingar viljum helst sjá hann í holunni fyrir aftan framherjann.

Gylfi hefur mest verið úti á vinstri kanti á þessari leiktíð en það er vonandi að Villas-Boas hafi ekki hugsað hann sem tímabundna varaskeifu fyrir Bale.

Hér á síðunni má sjá yfirlit yfir þá leikmenn sem teljast vera í samkeppni um stöður við Gylfa og enn fremur hvar þeir geta spilað á vellinum. Það vekur vissulega athygli að enginn þessara leikmanna er eldri en 26 ára og langflestir á bilinu 24 til 26 ára.

Nú er bara fyrir Gylfa að minna á sig með því að hjálpa íslenska landsliðinu í komandi leikjunum í undankeppni. Það fer örugglega ekki framhjá Villas-Boas ef Gylfi Þór Sigurðsson verður á skotskónum á móti Sviss og/eða Albaníu. **ooj@frettabladid.is**



**ENGIN SAMKEPPNI ÞARNA** Gylfi Þór Sigurðsson fagnar marki með Spánverjanum Roberto Soldado. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

### Hver spilar hvar

**DJÚPUR Á MIÐJUNNI**
Capoue (aðalstaða), Sandro (aðalstaða), Paulinho og Dembélé.

**Á MIÐJUNNI**
Paulinho (aðalstaða), Dembélé (aðalstaða), Capoue, Eriksen, Holtby og Sandro

**Í HOLUNNI**
Gylfi Þór Sigurðsson (aðalstaða), Eriksen (aðalstaða), Holtby (aðalstaða), Dembélé, Paulinho og Chadli

**VINSTRI KANTUR**
Townsend (aðalstaða), Chadli (aðalstaða), Gylfi Þór Sigurðsson, Holtby og Lamela

**HÆGRI KANTUR**
Lennon (aðalstaða), Lamela (aðalstaða), Gylfi Þór Sigurðsson, Townsend og Chadli



**PAULINHO**
**Þjóðerni, aldur:** Brasilía. 25 ára (25. júlí 1988)
**Hvaðan:** Corinthians – 17 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: TALSVERÐ**



**NACER CHADLI**
**Þjóðerni, aldur:** Belgía, 24 ára (2. ágúst 1989)
**Hvaðan:** FC Twente – 7 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: MJÖG MIKIL**



**LEWIS HOLTBY**
**Þjóðerni, aldur:** Þýskaland, 22 ára (18. sept. 1990)
**Hvaðan:** Schalke í janúar – 1,75 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: MIKIL**



**CHRISTIAN ERIKSEN**
**Þjóðerni, aldur:** Danmörk, 21 árs (14. febrúar 1992)
**Hvaðan:** Ajax – 11,5 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: MIKIL**



**ERIK LAMELA**
**Þjóðerni, aldur:** Argentína 21 árs (4. mars 1992)
**Hvaðan:** Roma – 25,7 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: TALSVERÐ**



**ÉTIENNE CAPOUE**
**Þjóðerni. aldur:** Frakkland, 25 ára (11. júlí 1988)
**Frá:** Toulouse – um 9 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: LÍTIL**



**AARON LENNON**
**Þjóðerni:** England, 26 ára (16. apríl 1987)
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: TALSVERÐ**



**ANDROS TOWNSEND**
**Þjóðerni:** England
**Aldur:** 22 ára (16. júlí 1991)
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: TALSVERÐ**



**SANDRO**
**Þjóðerni:** Brasilía
**Aldur:** 24 ára (15. mars 1989)
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: MJÖG LÍTIL**



**MOUSSA DEMBÉLÉ**
**Þjóðerni. aldur :** Belgía, 26 ára (16. júlí 1987)
**Hvaðan:** Fulham í ágúst 2012 – 15 milljónir punda
**SAMKEPPNI VIÐ GYLFA: TALSVERÐ**








WACKER NEUSON

Járnabindivélar

DF 16 járnabindistafur

Allt að 1.000 lykkjur á klst.
Algjörlega mekanískur - engar rafhlöður
Engir stubbar eða vírafgangar
Auðvelt að skipta um magasín með 77 lykkjum

WACKER NEUSON umboðið á Íslandi

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

REKJAVÍK: Krókháls 16 | AKUREYRI: Lónsbakka | sími 568-1500 | www.thor.is


BEST
HEIMSÓKN
SNÝR AFTUR Í KVÖLD KL. 20:10
Sindri Sindrason heldur áfram að taka hús á áhugaverðum fagurkerum sem eiga falleg heimili og geta veitt öðrum innblástur. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eru sett saman af alúð og smekklegheitum.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20:15

### Heimsókn



Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram það besta í viðmælendum sínum.

## Í KVÖLD



### 2 Broke Girls

**STÖÐ 2 KL.20.35** Önnur þáttaröðin af þessum hressilegum gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið.

TV.COM 7,5 IMDb 6,8



### Men at Work

**SKJÁR 1 KL.19.55** Prælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg. Þeir lenda í ýmiss konar ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið. Tveir strákanna reyna að fá hjónaafslátt í ræktinni við lítinn fögnuð afgreiðslunnar.

TV.COM 7,8 IMDb 6,5



### Private Practice

**RÚV KL. 20.05** Læknamiðstöðin Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Í þáttunum fylgjumst með sigrum og sorgum í lífi læknanna en það er sjaldan lognmolla í kringum þá.

TV.COM 8,4 IMDb 5,8

## Rás 2 klukkan 06.45

### Morgunútvarpið



Linda Blöndal og Bergsteinn Sigurðsson leiða hlustendur inn í daginn í Morgunútvarpi Rásar 2 frá korter í sjö til níu – alla virka daga.




VILTU VERÐA

STÍLISTI?

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum. Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá kl. 18-22.

| Stundaskrá | 1. önn | 2. önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|---|
| | Fatastíll | Litgreining | Innkaupastjóri |
| | Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Útlitsráðgjafi |
| | Textill | Litasamsetning | Stílisti |
| | | | Verslunarstjóri |

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is

SAMSTARF VIÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS



The Academy of Colour and Style og Kvikmyndaskóli Íslands hafa hafið samstarf sín á milli, sem felst í því að nemendur í innanhússtílistanámi og útlits- og förðunarnámi koma að verkefnum nemenda í Kvikmyndaskólanum. Nemendur í útlits- og förðunarnáminu vinna að búningagerð og förðun fyrir verkefni í skólanum en nemendur í innanhússtílistanáminu aðstoða við þróun á leikmynd og útfærslu hennar.




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:

Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
Stílistun á:
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In the Middle** *(16:22)*
**08.30 Ellen** *(36:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(133:175)*
**10.15 Spurningabomban** *(9:21)*
**11.05 Glee** *(10:22)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(3:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(4:8)*
**13.25 Covert Affairs** *(3:16)*
**14.10 Chuck** *(12:24)*
**14.55 Last Man Standing** *(9:24)*
**15.15 Tricky TV** *(4:23)*
**15.40 Big Time Rush**
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Ellen** *(37:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Ástríður** *(6:12)*
**19.45 Hlemmavídeó** *(3:12)* Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni sem leikur Sigga sem er fráskilinn og býr einn rétt hjá Hlemmi og rekur gamla vídeóleigu.
**20.15 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**20.35 2 Broke Girls** *(14:24)* Önnur þáttaröðin af þessum hressilegum gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline.
**20.55 New Girl** *(25:25)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum.
**21.20 Dallas** Lokaþáttur. Önnur þáttaröðin þar sem saga Ewing-fjölskyldunnar heldur áfram.
**22.05 Mistresses** *(5:13)* Frábærir dramaþættir sem fjalla um fjórar vinkonur sem hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið. Þættirnir eru frá handritshöfundum Gossip Girl.
**22.50 Miami Medical** *(11:13)* Magnaðir dramaþættir þar sem fylgst er með lífi og störum lækna á bráðamóttöku í Miami.
**23.35 NCIS: Los Angeles** *(3:24)*
**00.20 Person of Interest** *(5:22)*
**01.05 Breaking Bad** *(3:8)*
**01.50 Grimm** *(21:22)*
**02.35 Crank. High Voltage**
**04.05 Cinema Verite**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(21:23)*
**19.25 Two and a Half Men** *(13:16)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(7:22)*
**20.10 Suburgatory** *(9:22)*
**20.30 Suburgatory** *(10:22)*
**20.50 Arrow** *(11:23) (12:23)*
**22.15 Friends** *(21:23)*
**22.40 Two and a Half Men** *(13:16)*
**23.05 Simpson-fjölskyldan** *(7:22)*
**23.25 Suburgatory** *(9:22)*
**23.45 Suburgatory** *(10:22)*
**00.05 Arrow** *(11:23) (12:23)*
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

## SPORT *besta sætið*

**16.45 Þýski handboltinn: Flensburg - Hannover**
**18.05 Þýski handboltinn: Balingen - Füchse Berlin** Bein útsending
**19.40 Bayern - Chelsea**
**21.20 Valencia - Barcelona**
**23.00 Þýski handboltinn: Balingen - Füchse Berlin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show 2013/14**
**16.35 WBA - Swansea**
**18.15 Norwich - Southampton**
**19.55 Ensku mörkin - úrvalsdeildin** *(3:40)*
**20.50 Messan**
**21.50 Man. City - Hull**
**23.30 Crystal Palace - Sunderland**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Kai Lan **07.40** Svampur Sveinsson **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.45** Strumparnir **09.10** Waybuloo **09.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **09.55** Lukku láki **10.35** Doddi litli og Eyrnastór **10.45** Ofuröndin **11.10** Lína langsokkur **11.30** Lalli **11.35** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Kai Lan **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Könnuðurinn Dóra **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Strumparnir **13.50** Waybuloo **14.10** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.30** Lukku láki **14.50** Histeria! **15.15** Doddi litli og Eyrnastór **15.25** Ofuröndin **15.50** Lalli **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Kai Lan **16.25** Svampur Sveinsson **16.45** Könnuðurinn Dóra **17.10** Ljóti andarunginn og ég **17.30** Strumparnir **17.55** Waybuloo **18.15** Fjörugi teiknimyndatíminn **18.35** Lukku láki **19.00** Histeria! **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Ofuröndin

## GULL

**20.00 Einu sinni var** *(20:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(14:30)*
**21.05 Cold Feet** *(5:8)*
**22.00 Footballer's Wives** *(8:9)*
**22.45 Einu sinni var** *(20:22)*
**23.15 Örlagadagurinn** *(14:30)*
**23.50 Cold Feet** *(5:8)*
**00.40 Footballer's Wives** *(8:9)*
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.50 Lego: The Adventures of Clutch Powers**
**13.10 New Year's Eve**
**15.05 Bjarnfreðarson**
**16.55 Lego: The Adventures of Clutch Powers**
**18.15 New Year's Eve**
**20.10 Bjarnfreðarson**
**22.00 Seven**
**00.05 Bad Lieutenant: Port of Call New Orleans**
**02.05 The 41-Year-Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall**
**03.25 Seven**

## RÚV

**16.10 Golfið**
**16.40 Læknamiðstöðin** *(22:22)*
**17.25 Friðþjófur forvitni** *(5:10)*
**17.50 Geymslan** *(16:28)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Á götunni** *(1:8) (Karl Johan)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Læknamiðstöðin** *(7:13) (Private Practice VI)* Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.50 Mótorsystur** *(8:10)* Sænsk þáttaröð.
**21.10 Gátan ráðin** *(3:3) (The Bletchley Circle)* Breskur myndaflokkur um fjórar konur sem unnu í dulmálsstöð hersins í Bletchley Park í stríðinu og hittast aftur árið 1952 til þess að hafa uppi á fjöldamorðingja.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kvöldstund með Jools Holland** *(Later with Jools Holland)* Í þessum þætti koma fram Kings of Leon, Eric Clapton, The Vaccines, M.I.A, Bellowhead og Jonathan Jeremiah.
**23.25 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands - Gunna** Einsetumaður á bóndabæ fær óvænta heimsókn frá erlendri konu. Stuttmynd eftir Óla Jón Gunnarsson, vinningsmynd við útskrift úr Kvikmyndaskóla Íslands 2012.
**23.45 Kastljós**
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(12:23)*
**08.00 Cheers** *(23:25)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Once Upon a Time** *(14:22)*
**17.10 Rules of Engagement** *(3:13)*
**17.35 Family Guy** *(19:22)*
**18.00 Dr. Phil**
**18.40 America's Funniest Home Videos**
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(13:23)*
**19.30 Cheers** *(24:25)*
**19.55 Men at Work** *(7:10)* Prælskemmtilegir gamanþættir.
**20.20 Britain's Next Top Model - LOKAÞÁTTUR** *(13:13)*
**21.10 Mad Dogs** *(4:4)* Hörkuspennandi og vönduð fjögurra þátta sería um fjóra vini sem einhvernveginn tekst alltaf að koma sér og sínum nánustu í lífshættu.
**22.00 House of Lies** *(11:12)* Marty Khan og félagar snúa aftur í þessum vinsælu þáttum.
**22.30 Sönn íslensk sakamál** *(2:8)*
**23.00 NYC 22** *(13:13)*
**23:50 Hawaii Five-0** *(4:23)*
**00.35 Excused**
**01.00 House of Lies** *(11:12)*
**01.30 Mad Dogs** *(4:4)*
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **12.00** Golfing World **12.50** PGA Tour - Highlights *(33:45)* **13.45** Ryder Cup Official Film **2004 15**.00 Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(1:4)* **18.00** Golfing World **18.50** THE PLAYERS Official Film **2013** *(1:1)* **19.40** The Open Championship Official Film **1988 20**.40 Champions Tour - Highlights *(19:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(36:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(33:45)* **23.45** US Open **2006** - Official Film **00.45** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Fylgstu með okkur á facebook – facebook.com/eirberg.is

Eirberg



# Heilsuefling og aukin lífsgæði

**Vörusýning** - Heilsuvörur og hjálpartæki frá Eirbergi í Hofi Akureyri laugardaginn 7. september.
Opið frá kl. 10 -16. Allir velkomnir.



**10-25%**
**afsláttur af flestum vörum**

Eirberg ehf. • **Einnig opið laugardaga að Stórhöfða 25** • Sími 569 3100 • eirberg.is

**Verslaðu á vefnum** **Frí sending að 20 kg** **1 árs skilaréttur**

## BESTI BITINN



**„Sjávarréttarsúpan á Höfninni – bragðast vel og betur með útsýni yfir smábátahöfnina.“**

Diljá Ámundadóttir, framkvæmdastjóri Þetta Reddast ehf. og varaborgarfulltrúi Besta flokksins.

# Meðlimir Sirkus Íslands allir í spennufalli

Sirkus Íslands tókst að safna fyrir fyrsta sirkustjaldi sínu með söfnunarátaki á vefnum Karolinafund.

„Við erum öll í smá spennufalli og vitum ekkert hvað við eigum að tala um við vini okkar núna þegar söfnunin er yfirstaðin,“ segir fjölmiðlakonan Margrét Erla Maack. Hún og félagar hennar í Sirkus Íslands fengu þá hugmynd í sumar að safna fyrir sirkustjaldi og hófu því landssöfnun á vefnum Karolina Fund. Söfnuninni lauk á miðnætti mánudags og hafði hópnum þá tekist að safna sex og hálfri milljónum króna og því verður draumurinn um sirkustjaldið brátt að veruleika.

Margrét Erla segir hópinn hafa safnast saman heima hjá sirkusstjóra Sirkus Íslands, Lee Nelson, til að fylgjast með lokaspretti söfnunarinnar. „Við vorum öll í sínu horni þangað til við áttuðum okkur á því að þetta gæti í raun tekist og þá söfnuðumst við heima hjá Lee. Dóttir hans var sofandi þannig að fagnaðarlætin voru mjög lágvær til að vekja hana ekki.“

Um sjöhundruð manns lögðu hópnum lið með því að kaupa miða á sýningar Sirkus Íslands næsta sumar. „Þetta var að langmestu leyti einstaklingar, sumir keyptu einn miða og aðrir nokkra. Við erum ofsalega þakklát þessu fólki fyrir stuðninginn,“ segir Margrét Erla.

Aðspurð segir hún að nú hefjist leitin að hinu fullkomna sirkustjaldi. „Það er ýmislegt sem þarf að huga að: eigum við að kaupa 200 manna tjald eða tjald sem rúmar 300 manns? Eigum við að kaupa tilbúið tjald eða láta búa til tjald sérstaklega fyrir okkur? Þetta eru hlutir sem við þurfum að leggjast yfir núna,“ segir hún að lokum. **- sm**



**PAKKLÁT** Margrét Erla Maack og félagar hennar í Sirkus Íslands eru þakklát fyrir stuðninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON


## RAUNFÆRNIMAT




## Hefur þú starfað við húsasmíði í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!**

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur. Einnig er boðið upp á raunfærnimat í vélvirkjun, rennismíði, stálsmíði, blikksmíði og skrúðgarðyrkju.

**Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 10. september kl. 17.00 að Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



DAGSVERK.IS / IDAN0913

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is






Barnaheill
Save the Children á Íslandi




**HAFÐI ENGIN RÉTTINDI** Mazen bjó í Líbanon í þrjátíu og þrjú ár þar sem honum bárust líflátshótanir og hann hafði engin réttindi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á djúpa tengingu við Ísland

Ljóðabókin Ekkert nema strokleður eftir Mazen Maarouf kemur út á fimmtudag.

„Ísland er orðið hluti af minningabanka mínum, persónu minni. Hluti af mér,“ segir Mazen Maarouf, palestínskt ljóðskáld og þýðandi sem gefur út ljóðabókina Ekkert nema strokleður á fimmtudaginn næstkomandi. Bókin markar viss tímamót þar sem um er að ræða fyrstu tvímála útgáfuna á arabísku og íslensku, en afar fá verk úr bókmenntaheimi arabískrar tungu hafa ratað hingað til lands.

„Við settum saman eins konar þýðendabúðir,“ segir Mazen, „þar sem hugmyndin var að útlensk skáld búsett á Íslandi fengu ljóðin sín þýdd yfir á íslensku. Ég kom þá með hugmyndina að því að við hefðum það líka öfugt, það er að segja að útlensku skáldin þýddu einnig íslensk ljóð yfir á sín tungumál,“ bætir Mazen við. Hann hefur undanfarin misseri unnið að þýðingum íslenskra bókmennta á arabísku og þýtt hátt í þrjátíu íslensk skáldverk, þar á meðal eftir Sjón, Stein Steinarr og Sigurbjörgu Þrastardóttur.

„Bókin inniheldur tuttugu og átta ljóð eða texta sem eru á arabísku og á íslensku,“ heldur Mazen áfram. „Þetta er mjög persónulegt verk fyrir mig. Ljóðin skrifaði ég flest í Beirút og gaf út þar en ég gat ekki verið viðstaddur neinn opinberan viðburð um bókina. Ég bjó í þrjátíu og þrjú ár í Beirút þar sem ég hafði engin réttindi. Á Íslandi hef ég fengið að búa eins og allir hinir og hlotið mannréttindi sem ég hef aldrei áður kynnst,“ segir Mazen.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Kári Tulinius og Sjón íslenskuðu ljóðin. Mazen Maarouf hefur verið búsettur í Reykjavík frá því síðla árs 2011 og er einn af höfundum Bókmenntahátíðar í ár. Útgáfugleði verður haldin á Kex Hostel við Skúlagötu á fimmtudaginn klukkan 5.

**olof@frettabladid.is**

### Mazen Maarouf

Mazen var bjargað hingað til lands árið 2011 af samtökunum ICORN í samstarfi við Reykjavíkurborg eftir að honum bárust líflátshótanir vegna blaðaskrifa sinna um stjórnmál í Mið-Austurlöndum. Sjálfur er Mazen palestínskur að uppruna en hefur alla tíð haft stöðu flóttamanns í Líbanon. Hann fæddist árið 1978 í Beirút í Líbanon. Hann lauk meistaranámi í efnafræði frá raunvísindadeild Háskólans í Líbanon, en sneri sér fljótlega að ritlist. Fyrsta ljóðabók hans kom út árið 2000. Einnig hefur hann fjallað um bókmenntir og listir í arabískum blöðum og tímaritum. Þá gerði fréttaveitan Al-Jazeera heimildamynd um Mazen á dögunum.

# Verða með pissuflöskur í rútunni

Hljómsveitin Skálmöld er á leiðinni í sex vikna tónleikaferðalag um Evrópu.

Rokkararnir í Skálmöld leggja af stað í sex vikna tónleikaferðalag um Evrópu á fimmtudaginn.

Finnska hljómsveitin Finntroll verður aðalnúmerið á tónleikaferðinni en Skálmöld og hin færeyska Týr hita upp. „Við erum að teika Finntroll. Þeir voru að gefa út plötu fyrir tæplega hálfu ári og þetta er útgáfutúr fyrir þá,“ segir Snæbjörn Ragnarsson úr Skálmöld. „Þeir voru á Heidenfest-túrnum sem við spiluðum á 2011 og þá varð okkur mjög vel til vina. Þeir hringdu í okkur og báðu okkur að koma með, sem var náttúrulega geðveikt.“

Finntroll og Týr verða saman í lúxusrútu með klósetti á ferðalaginu en Skálmöld verður í annarri rútu, án klósetts. „Það er búið að fara í apótekið og kaupa hlandflöskur, þannig að þetta er allt í lagi. Þegar allt klikkar þá leggst maður bara á hliðina og pissar,“ segir Snæbjörn og er fúlasta alvara.

Þetta verður fyrsta stóra tónleikaferð Skálmaldar um Evrópu í tæp tvö ár. „Þetta er það skemmtilegasta sem maður gerir. Það verður gaman að spila fyrir nýja áhorfendur og stækka aðdáendahópinn.“ **- fb**



**Á LEIÐ TIL EVRÓPU** Víkingarokkararnir í Skálmöld eru á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

→ Textar Finntroll eru flestir á sænsku og fjalla um tröllakónginn Rivfader.

# LAGERSALA
# Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

## ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%

Mikið úrval af nýjum vetrarfatnaði



DÖMU DÚNÚLPA
**Verð nú kr. 19.990**
Verð áður kr. 34.990



HERRA JAKKI VAXBORINN
**Verð nú kr. 14.990**
Verð áður kr. 29.990



St. 92 -128
BARNA ÚTIGALLI
**Verð nú kr. 11.990**
Verð áður kr. 19.990



DÖMU DÚNÚLPA
**Verð nú kr. 22.990**
Verð áður kr. 44.990



HERRA DÚNÚLPA
**Verð nú kr.14.990**
Verð áður kr. 39.990



BARNA ÚLPA
**Verð nú kr. 9.990**
Verð áður kr. 19.990

## OPNUNARTÍMI

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 4. sept. | 12:00 - 20:00 |
| Fimmtudagur | 5. sept. | 12:00 - 20:00 |
| Föstudagur | 6. sept. | 12:00 - 20:00 |
| Laugardagur | 7. sept. | 11:00 - 18:00 |
| Sunnudagur | 8. sept. | 12:00 - 18:00 |
| Mánudagur | 9. sept. | 12:00 - 20:00 |

Lagersala - Nýbýlavegi 18 • (Dalbrekkumegin) - Kópavogi



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Máni í Harmageddon stendur í ströngu

**Þorkell Máni Pétursson,** betur þekktur sem Máni í Harmageddon, er með marga bolta í loftinu þessa dagana. Ekki sinnir hann aðeins útvarpsmennsku á X-inu, starfi aðstoðarþjálfara Keflavíkur og rekstri umboðsskrifstofunnar Paxal heldur hefur hann gerst nýnemi við HÍ og skipuleggur samhliða því Októberfest Stúdentaráðs Íslands. Babb kom í bátinn í vikunni þegar í ljós kom að framkvæmdir standa yfir á svæðinu þar sem hátíðarhöldin áttu að vera helgina 12.–14. september og verður þeim ekki lokið fyrir þann tíma. Hann vinnur nú að því að leysa málið í samstarfi við Stúdentaráð. Enda ekki seinna vænna þar sem miðasala hefst á morgun. **- nej**



### Lag í Hollywood-stiklu

Lagið Lost Control af fyrstu sólóplötu **Bigga Hilmars**, All We Can Be, sem kom út fyrir síðustu jól, hljómar í stiklu við nýjustu mynd leikstjórans Kevin Macdonald, How I Live Now, sem verður frumsýnd á næstunni. Hann er þekktastur fyrir myndina The Last King of Scotland. Með aðalhlutverk í How I Live Now fer hin efnilega Saoirse Ronan, sem var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Atonement. Hún er einnig þekkt fyrir leik sinn í hasarmyndinni Hanna. **- fb**



## Mest lesið vísir

1 Lokadagurinn í beinni: Hverjir enda hvar?
2 Hafþór Júlíus í stóru hlutverki í Game of Thrones
3 Karlmaður óttast HIV-smit eftir að hafa nauðgað konu
4 Vilja setja upp hafnfirskt skilti í Vogunum
5 Hverjir voru þessir huldumenn sem reyndu að semja um Herrera?


Whirlpool

ÞVOTTAVÉLAR



Heimilistæki ht.is



# HALTU GAMLA VERÐINU!

Komdu strax í KK klúbbinn og haltu gamla verðinu í nýju Baðhúsi sem opnar í Smáralind í lok árs.

Í KK-áskriftarklúbbnum hefurðu aðgang að því sem til þarf til að hlúa að líkama og sál.

Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma



Fyrirsæta Linda Pétursdóttir. Ljósmyndari Ásta Kristjánsdóttir

**Allt þetta er innifalið með áskrift í KK klúbbi Baðhússins:**
*Nýr Technogym tækjasalur!* Zumba. Body Pump. *Nýjung!* Gravity workout. Detox-jóga. *Nýjung!* Pilates. Evu jóga. Grit. *Nýjung!* Power Spin&ABS. CxWorx. Hugleiðsla. Body Balance. Heitt jógaTóning. Djúpslökun. Salsa. Pallar. Leikfimi. Hot Jóga. Body Combat. *Nýjung!* Streitulosun. Tækjakennsla. Stórátak. *Nýjung!* Heilsuátak. Hot BodyBalance. *Nýjung!* ButtLift-pallar. FlexiFit. Og margt fleira.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.
Komdu í Baðhúsið, breyttu til og hlúðu að sjálfri þér.

KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin

**KK-Skólaáskrift 5.990 pr. mánuð. KK-Grunnáskrift 7.190 pr. mánuð. KK-Eðaláskrift 8.890 pr. mánuð.**

**Einnig bjóðum við almenn kort, óbundin.** Þau gilda í alla opna tíma og tækjasal.
1 mánuður: 13.500. Einnig Vetrarkort á tilboði, gildir til 31.12.13. **Tilboð kr. 29.990.-**

*Öllum konum Baðhússins stendur til boða að segja upp KK-áskrift með eins mánaðar fyrirvara í þeim mánuði sem flutningur í nýtt og glæsilegt húsnæði í Smáralind á sér stað. Ekki verður farið fram á þriggja mánaða uppsagnarfrest eins og samningar gera alla jafna ráð fyrir. Því eru engar konur Baðhússins bundnar þann mánuð sem flutningurinn á sér stað, telji þær nýju staðsetninguna ekki henta sér.*

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is